

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

# Ársskýrsla 2015

**Myndlistaskólinn í Reykjavík**
www.myndlistaskolinn.is
www.facebook.com/myndlistaskolinn
Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius
Myndir: Ýmsir
Prentun: Pixel
Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir
Ljósmynd á kápu er frá sýningu barna- og unglingadeildar
á Listahátíð í Reykjavík 2015.
Innan á saurblaði: Nemandi á sumarnámskeiði
fyrir 13-16 ára unglinga.
Kennari á námskeiðinu var Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir.

**Útgefið í mars 2016**

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

# Ávarp skólastjóra

Skólastarf var blómlegt í Myndlistaskólanum árið 2015. Hefðbundið lag var haft á flestu þótt hin stöðuga þróun sem skólastarfið er ávallt í hafi haldið áfram og ýmsar breytingar verið gerðar á námsframboði og húsnæði skólans. Fleira er í kortunum en oft þurfa hugmyndir tíma til að mótast áður en þær verða að veruleika. Þannig er ýmislegt að malla í kollinum á okkur starfsfólki skólans sem vonandi á eftir að springa út með tímanum. Okkur langar til að auka fjölbreytni í tímalengd og fyrirkomulagi kennslu á almennum námskeiðum. Bjóða t.d. upp á styttri og þéttari námskeið inni á verkstæðum diplómadeilda til að koma til móts við fólk sem hefur þegar byggt upp grunn í ákveðinni grein og vill meiri sérhæfingu. Eins höfum við verið að hugsa um að fjölga námskeiðum á miðjum degi en með því viljum við höfða til fólks í hlutastarfi og fólks sem er ekki á vinnumarkaði sökum aldurs eða af öðrum ástæðum. Sama má segja um þá hugmynd okkar að leggja meiri áherslu á sérsniðin námskeið fyrir ólíka hópa, s.s. vinahópa, vinnustaði eða fjölskyldur. Okkur langar til að prófa að bjóða upp á barnanámskeið þar sem kennslan fer fram á öðrum tungumálum en íslensku, t.d. pólsku, frönsku eða arabísku. Rætt hefur verið um möguleikann á að bjóða listmönnum til starfa inni í deildunum. Eitthvað er þegar um að listamenn leigi tímabundin afnot af verkstæðum skólans. Það bæði styrkir reksturinn og gefur nemendum innblástur. Allar þessar hugmyndir eru að þroskast í umþenkingum og samræðum starfsfólks skólans. Vonandi getum við hrint sem flestum þeirra í framkvæmd á næstu misserum.

Skólinn er 70 ára um þessar mundir. Félag íslenskra frístundamálara var stofnað 17. maí 1946 en félagið er stofnandi skólans. Haldið var upp á 15 ára afmæli skólans árið 1961 þótt skólastarf hafi ekki hafist fyrr en haustið 1947. Við grípum tækifærið og höldum upp á afmælið bæði árin. Fyrir vikið höfum við kost á fjölbreyttara afmælishaldi en ýmislegt verður gert til að halda upp á tímamótin. Eitt af því er endurhönnun á lógói, vef og öðru kynningarefni skólans sem verður lokið fyrir skólabyrjun næsta haust. Annað er útgáfa bókar um útisýningarnar á Skólavörðuholti sem voru skólasýningar Myndlistaskólans. Inga S Ragnarsdóttir og Kristín Guðnadóttir hafa borið hita og þunga af þeirri vinnu en skólinn og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík eiga aðild að verkefninu, ásamt Minningarsjóði um Ragnar Kjartansson. Síðast en ekki síst er í undirbúningi að stofna tveggja ára diplómadeild í málaralist við skólann. Vonir standa til að hægt verði að byrja í haust en það væri afar viðeigandi á 70 ára afmæli Félags íslenskra frístundamálara. Hugmyndin á bak við deildina er að fjölga námskostum fólks sem lokið hefur listnámsbraut framhaldsskólans en ætlunin er að málaranámið uppfylli kröfur um nám á 4. þrepi sem er nám á mörkum framhalds- og háskólastigs. Að opna deild í málaralist er algjörlega í anda þeirra hugmynda sem lágu að baki stofnun skólans og alla tíð hafa einkennt starfið - að gefa sem flestum sem stærsta hlutdeild í listinni.

Áslaug Thorlacius



Efnisyfirlit:


Skýrsla stjórnar sjálfeignarstofnunnar . . . . . . . . . . . . . . 6

Námsráðgjöf . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8

Bókasafn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8

Menntaáætlun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8

Starfsfólk og skipurit . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9

Barna- og unglingadeild . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10

Almenn námskeið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 16

Listnámsdeild . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18

Sjónlist . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 20

Diplómadeildir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 22

- Mótun - leir og tengd efni . . . . . . . . . . . . . . . . 22
- Teikning . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24
- Textíll . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 26

Tölulegar upplýsingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 28

Brautskráðir nemendur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 30

Félagatal . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 31

# SKÝRSLA STJÓRNAR

**Á aðalfundi 30. mars 2015 var fyrri stjórn endurkjörin að öðru leyti en því að Hafdís Helgadóttir gaf ekki kost á sér áfram. Í hennar stað kom Kristín Reynisdóttir ný inn. Auk Kristínar sitja í stjórn Eygló Harðardóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Guðjón Ketilsson, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir og Herdís Ellen Gunnarsdóttir.**
**Félagið hélt glæsilegt jólaboð 18. desember.**

## STJÓRN MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK SES

Fram að síðasta aðalfundi var stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skipuð þeim Kristni Guðbrandi Harðarsyni sem var formaður, Margréti H Blöndal, Brynhildi Pálsdóttur, Ingu Þóreyju Jóhannsdóttur, Hildi Bjarnadóttur, Áslaugu Thorlacius og Einari Garibalda Eiríkssyni. Inga Þórey, Hildur, Áslaug og Einar Garibaldi gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en Hildigunnur Birgisdóttir og Bjarki Bragason voru kjörin ný inn. Bjarki var kjörinn formaður, Kristinn Guðbrandur og Brynhildur meðstjórnendur og Hildigunnur og Margrét til vara.
Á árinu voru haldnir 7 stjórnarfundir. Ennfremur tóku sumir stjórnarmenn að sér sérverkefni sem sneru að starfsfólki skólans og undirbúning fyrir hönnun á grafísku útliti og vefsíðu fyrir skólann.

## STARFSFÓLK

Herdís Tómasdóttir hætti í föstu starfi sem bókasafnsfræðingur skólans í upphafi árs en í hennar stað var Ragnhildur Blöndal ráðin. Herdís hélt þó áfram að skrá gjöf Elsu G Guðjónsson í Gegni og auk þeirri vinnu að mestu á árinu. Rétt fyrir jól var sett upp sýning um Elsu og gjöf hennar á Gallerí Vegg og var sonur Elsu, Kári Halldór Þórsson viðstaddur opnunina.
Inga Þórey Jóhannsdóttir hætti sem deildarstjóri sjónlistadeildar í febrúar 2015. Jón BK Ransu tók við starfinu og sinnti því til vors þegar Einar Garibaldi Eiríksson var ráðinn. Halldóra Ingimarsdóttir deildarstjóri námskeiðaskóla og barna- og unglingadeildar fór í námsleyfi að loknu sumarfríi. Við námskeiðaskóla tók Jón BK Ransu en hann fékk einnig það verkefni að undirbúa stofnun diplómadeildar í málaralist. Við barna- og unglingadeild tók Sigurlína Osuala sem jafnframt sér um alþjóðlegt samstarf og Erasmus+. Margrét M Norðdahl hóf störf sem deildarstjóri listnámsdeildar, tveggja ára diplómanámsbrautar fyrir nemendur með þroskahömlun. Guja Dögg Hauksdóttir var ráðin í hálft starf til eins árs til að sinna sérstöku verkefni fyrir barna- og unglingadeild. Baldur Björnsson fór í fæðingarorlof í september. Á sama tíma var Margrét Birgisdóttir ráðin til starfa á skrifstofu. Gunnhildur Helgadóttir hóf störf sem umsjónarmaður á leirverkstæði um haustið en áður hafði verkstæðið verið í höndum Sigurlínu. Karlotta Blöndal hefur að mestu séð um skrifstofuna á laugardögum, auk þess sem hún hefur stokkið inn á álagstímum og leyst af bæði á skrifstofu og bókasafni þegar þess hefur þurft.
21 starfsmannafundir voru haldnir á árinu.

## SAMNINGAR VIÐ RÍKI OG BORG

Í upphafi árs var haldinn fundur með yfirmönnum skóla- og frístundasviðs borgarinnar þeim Skúla Helgasyni formanni ráðsins, Ragnari Þorsteinssyni sviðsstjóra og Sigfríði Björnsdóttur deildarstjóra listfræðslu um starfið í barna- og unglingadeild og samninga við borgina. Fundurinn var jákvæður og lofaði mjög góðu um framhaldið. M.a. kom fram skilningur á nauðsyn þess að gera samninga með betri fyrirvara og til lengri tíma þannig að hægt sé að skipuleggja starfið á vorönn í upphafi skólaárs. Ennfremur var rætt um að setja ákvæði inn í samninginn um vísitöluhækkanir. Í þeim anda sendi skólinn sviðinu tillögu að þriggja ára samningi snemma hausts. Ekki hafði verið gengið frá samningum þegar í ljós kom að borgin þurfti að fara í mikinn niðurskurð þannig að árið leið án þess að nokkur samningur væri undirritaður.

7. maí var undirritaður þriggja ára samningur um nám á framhaldsskólastigi, þ.e. listnámsbraut, fornám og námskeið fyrir fullorðna nemendur. Námsbrautarlýsing listnámsbrautar var endurskoðuð yfir sumarið og send til meðferðar hjá menntamálastofnun sem afgreiddi brautarlýsinguna án athugasemda. Viðurkenning skólans sem einkaskóli á framhaldsskólastigi rann út í desember og ekki náðist að endurnýja hana á tilsettum tíma heldur frestaðist það fram yfir áramót.

Skólastjórar Myndlistaskólans og Tækniskólans rituðu ráðuneytinu sameiginlegt bréf s.l. sumar þar sem fram kom vilji beggja til að slíta samstarfi um diplómanám við Myndlistaskólann þar sem samningur um samstarf skólanna rennur út nú í vor. Forsendur hafa breyst frá því til samstarfsins var stofnað en Myndlistaskólinn hefur nú fengið betri lögformlega stöðu og uppfyllir þau skilyrði sem gerð eru vegna náms á 4. þrepi. Skilningur ríkir gagnvart þessari málaleitan í ráðuneytinu en ekki tókst þó að koma breytingu inn í fjárlög fyrir 2016.

## HÚSEIGNIN

Framkvæmdir við væntanlegt gistihús á 4. og 5. hæðum og veitingahús á 1. hæð hófust af krafti á vormánuðum og fóru

*Frá jólaboði 2015. Hráefni í rótargrænmetisréttinn og kokkaliðið að búa sig undir að brjóta leirhjúpinn utan af innbökuðu lambalærunum.*





vaxandi eftir því sem á árið leið. Skólinn gaf leyfi til að lagðar yrðu vatns- og frárennslislagnir í gegnum húsnæði sitt. Á móti kemur að eigendur gistihússins bera einir kostnað af ýmsu sem kemur húsfélaginu í heild til góða. Starfsmenn skólans og nemendur hafa sýnt fádæma þolinmæði en á köflum hefur varla verið starfhæft í húsinu sökum hávaða, lyktar eða annarra fylgifiska framkvæmdanna.

Skólinn hélt áfram með breytingaferli sem byrjað var á ári fyrr en var sett í bið þegar mest óvissa ríkti um framtíð skólans í húsinu. Nemendaaðstaðan var stækkuð en netþjónusturými, geymsla barnadeildar og skrifstofur fjármálastjóra og umsjónarmanns var bætt við matsal. Fjármálastjóri flutti fram í skrifstofuna sem skólastjóri hafði áður en skrifstofa skólastjóra var flutt upp á 3. hæð, sem og skrifstofa umsjónarmanns og netþjónaherbergi. Auk þess deila nú allir deildarstjórar einu stóru skrifstofurými á sama gangi. Kennarar fengu vinnuherbergi þar sem áður var skrifstofa deildarstjóra sjónlistadeildar. Ljósmyndaver var flutt úr sjónlistadeild og er nú hluti af almenna skólanum. Í gömlu ljósmyndaaðstöðunni er nú smíðaaðstaða og geymsla fyrir stóla, borð og annað. Breytingarnar bæta flóttaleiðir innanhúss sem og nýtingu húsnæðisins en skotum og kimum sem eingöngu hafa þann tilgang að safna drasli er markvisst útrýmt.

## NEMENDASKRÁ

Gerður var samningur við Advania um afnot af námskerfinu inna.is sem ætlunin er að nota fyrir skráningar og utanumhald um allt nám við skólann. Til að byrja með er kerfið aðeins nýtt fyrir sjónlistadeild og var haustönnin notuð til að kynnast kerfinu og ná tökum á því áður en það var tekið til fullra nota á yfirstandandi önn. Diplómanámið er skráð í Innu en eins og er stýrir Tækniskólinn þeim skráningum. Samningurinn um Innu auðveldar skólahaldið mjög og mun jafnframt gera öðrum framhaldsskólum auðvelt að sjá þá áfanga sem nemendur þeirra ljúka við Myndlistaskólann. Frá og með hausti 2015 hafa verið gefnar einkunnir í heilum tölum í námskeiðaskóla eins og í dagskóla.

## STYRKIR

Til viðbótar við fjárframlög frá ríki og borg og Erasmus+ fékk skólinn styrki frá Barnamenningarhátíð og Barnamenningarsjóði til að halda smiðjur á Sumardaginn fyrsta og í tengslum við sýninguna í Einarssafni á Listahátíð. Fjölmennt veitti styrk til að kenna fyrsta hópnum í diplómanámi fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn fékk einnig styrk frá Þróunarsjóði námsgagna til að gera námsefni í stærðfræði fyrir listnámsbraut. Aðalhöfundur námsefnisins er Frímann Kjerúlf sem kennir stærðfræði í sjónlistadeild en aðrir höfundar eru Hildigunnur Birgisdóttir og Jón BK Ransu. Áslaug ritstýrir efninu sem verður gefið út á vefnum, opið öllum.

## REKSTUR, KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Hópur MBA-nemenda við HR unnu lokaverkefni um skólann og rekstur hans. Þau greindu reksturinn, lögðu mat á styrk, veikleika, ógnir og tækifæri skólans og veltu upp ýmsum möguleikum til að bæta reksturinn. Lokaskýrsla þeirra er gagnlegt plagg fyrir skólann, m.a. er þar hvatt til betri nýtingar á húsnæðinu. Kynningarmál komu líka við sögu í skýrslunni. Þau mál hafa reyndar verið lengi til umræðu en þó betur megi gera á því sviði hefur ekki skort umsækjendur í fullt nám og aðsókn í almenn námskeið hefur verið góð.

Á vorönn lauk Ragnheiður Gestsdóttir við að gera stutt kynningarmyndbönd um sjónlistadeild og diplómadeildirnar þrjár. Ennfremur ákvað ný stjórn að láta endurhanna allt sjónrænt viðmót skólans. Bjarki, Brynhildur og Hildigunnur kölluðu eftir tilboðum frá nokkrum hönnuðum og viðtöl voru tekin við þrjú teymi. Niðurstaðan var að ganga til samstarfs við Guðmund Úlfarsson og Mads Freund Brunse, GUNMAD.

## ÝMSIR VIÐBURÐIR

19. - 22. febrúar var gefið **vetrarfrí** í barna- og unglingadeild.
13. mars hélt Camilla Groth **hádegisfyrirlestur** sem hún kallaði How does a craftsperson think through her hands?
20. mars héldu Kristinn Harðarson, Gerður Leifsdóttir og Margrét Norðdahl opinn **kynningarfyrirlestur** um listamiðstöðvar í San Fransisco og diplómanám í myndlist fyrir nemendur með þroskahömlun.
26. mars hélt Alexis Deacon teiknari og rithöfundur, gestakennari við teiknideild opinn **hádegisfyrirlestur**.
12. apríl var opnuð **sýningin** Allt og alls konar í Norræna húsinu á vegum Listar án landamæra. 12 listamenn í vinnustofu skólans fyrir fólk með þroskahömlun tóku þátt í sýningunni.
18. apríl var opnuð **sýning** á verkefnum nemenda á fyrra ári listnámsbrautar í Gallerí Tukt í Hinu húsinu.
23. apríl var **opið hús** í námskeiðaskóla þar sem tæplega 500 nemendur í barna- og unglingadeild og námskeiðaskóla sýndu verkefni sín. Boðið var upp á **smiðjur**. **Samsýning** 8 nemenda í andyri skólans var opnuð en sýningin var liður í List án landamæra.
9. maí opnaði **vorsýning skólans** en þar sýndu útskriftarnemendur sjónlistadeildar og nemendur í diplómanámi verk sín. Sýningin var haldin í tómu rými á fyrstu hæð JL-hússins þar sem áður var verslun Nóatúns.
14. maí var opnuð **sýning** á verkum nemenda barna- og unglingadeildar í Listasafni Einars Jónssonar. Sýningin var hluti af verkefninu Furðuveröld Lísu, sem var liður í Listahátíð. Boðið var upp á **smiðjur**.
27. maí var **brautskráning** frá Tækniskólanum í Hallgrímskirkju. Við það tækifæri voru 12 nemendur brautskráðir úr diplómanámi við Myndlistaskólann.
28. maí var **brautskráning** frá Myndlistaskólanum. 49 nemendur útskrifaðir úr sjónlistadeild, 10 nýstúdentar og 39 nemendur úr árs listnámi. Athöfnin fór fram í Kaffihúsinu Víkinni í Sjóminjasafninu við Grandagarð.
1. júlí - 6. ágúst var skólinn lokaður vegna **sumarleyfa**.
18. ágúst var haldið **málþing** um sjónlist fyrir börn og unglinga á vegum barna- og unglingadeildar í samstarfi við kennara í Arkki skólanum í Helsinki.
23.-27. október var **vetrarfrí** frá skólastarfi. Í námskeiðaskóla var gefið fjögurra daga frí að meðtöldum laugardegi en nemendur dagskóla fengu tveggja daga frí.
29. október var **opið hús** í dagskóla. Nemendur diplómadeilda héldu kynningar á námsferðum sem deildirnar fóru í á vormisseri.
6. nóvember hélt Halldóra Arnardóttir opinn **hádegisfyrirlestur** um Kristínu Guðmundsdóttur hýbýlafræðing í tengslum við nýútkomna bók sína um ævi og störf Kristínar sem gefin var út á vegum Hins íslenska bókmenntafélags.
10. desember veitti Rannís 10 **gæðaviðurkenningar** Menntaáætlunar Evrópusambandsins Erasmus+. Viðurkenningarnar voru að þessu sinni veggspjöld sem nemendur teiknideildar unnu út frá upplýsingum um þau verkefni sem verið var að verðlauna.

# NÁMSRÁÐGJÖF

Við skólann starfar námsráðgjafi, Anna Sigurðardóttir, í 20% starfshlutfalli. Megin hlutverk námsráðgjafa er að bjóða upp á viðtalstíma og svara fyrirspurnum sem berast á netfangið namsrad@mir.is. Viðtalstímar eru eftir hádegi á þriðjudögum en fyrirspurnum er svarað eins fljótt og mögulegt er. Námsráðgjafi kemur einnig að kynningarmálum skólans og aðstoðar við inntöku nemenda. Námsráðgjafi er skólastjórnendum til aðstoðar ef þörf er á. Nemendur hafa sótt til ráðgjafa eftir aðstoð sem snýr að námi þeirra en einnig geta nemendur fengið aðstoð við málefni sem áhrif hafa á námsframvindu. Viðtöl við nemendur eru bundin trúnaði og nýta þeir sem vilja að koma í viðtal. Á vorönn voru einstaklingsviðtöl rúmlega 40 en nokkrir komu oftar en einu sinni í viðtal. Viðtöl við einstaklinga sem áhuga höfðu á að kynna sér námsframboð við skólann voru 14 á vorönn. Á vorönn komu nemendur frá Kvennaskólanum í heimsókn til að kynna sér námsframboð skólans. Námsráðgjafi hélt einnig fyrirlestur um lestrartækni fyrir áhugasama nemendur.
Á haustönn er öllum nemendur sem hefja nám á tveggja ára listnámsbraut boðið að koma í viðtal þar sem námsráðgjöf er kynnt og nemendur hvattir til að leita aðstoðar ef með þarf. Í september varð námsráðgjafi fyrir slysi sem olli því að ráðgjöf fór fram símleiðis eða með tölvupósti. Námsráðgjafi kom aftur til starfa í desember og hélt þá m.a. fyrirlestur um seiglu fyrir starfsfólk skólans.

# BÓKASAFN

Nýr bókasafnsfræðingur, Ragnhildur Blöndal, tók til starfa í janúar og er í hálfu starfi. Herdís Tómasdóttir var áfram í hlutastarfi við að skrá og ganga frá bókagjöf frá fjölskyldu Elsu E. Guðjónsson og Karlotta Blöndal lagði safninu lið m.a. með því að plasta nýjar bækur.
Fastur vinnutími bókasafnsfræðings er frá 9-13 fimm daga vikunnar. Að öðru leyti hefur tilhögun ekki breyst; safnið er opið þar til skólanum er lokað á kvöldin.
Bókasafnið er í sífelldri mótun og endurskipulagningu. Hillupláss jókst um ríflega 9 hillumetra, þegar Gallerí Veggur var færður fram og Ikea-hillur sem skólinn átti voru settar upp. Í þessum tilfæringum var hillustæðan sem skiptir vinnuaðstöðu nemenda í tvennt, lengd um eina einingu. Svo vel tókst til með þessar breytingar að fæstir sem komu inn á safnið tóku eftir þeim. Jafnframt var glerhurðin tekin af glerskápnum og hillurnar notaðar fyrir almennan safnkost. Samhliða fór umtalsverð grisjun fram í safninu til að rýma fyrir nýjum safnkosti en ekki síður til þess að betur færi um safnkostinn sem tekið var að þrengja að í yfirfullum hillum. Megnið af bókunum fór í geymslu en um 80 bækur afskráðar.
Safnið fékk höfðinglegar gjafir á árinu. Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri og Þorkell Einarsson skrúðgarðyrkjumeistari færðu safninu hátt í 60 bækur um samtímalist sem mikill fengur er að. Nánast engin þeirra er til á öðrum söfnum. Hið sama má segja um 45 binda gjöf Asa Shimada, fyrrverandi nemanda í diplómadeild í mótun. Safninu bárust fleiri góðar gjafir úr ýmsum áttum, þótt þær væru minni að umfangi, m.a. frá kennurum skólans. Í árslok voru 6.208 bindi skráð í Gegni og hafði fjölgað um 500 frá árinu áður. Fjölgunina má rekja til þeirra gjafa, sem áður eru nefndar (ríflega 100), innkaupa (hátt í 150 titlar) en einnig til þess að megnið af Elsusafni var skráð á árinu. Tímaritsheftum fjölgaði í 373 úr 202 frá árinu áður. Skýringin er sú að byrjað var á því verkefni að skrá og tengja erlend tímarit og þau sett í almenn útlán en áður voru þau ekki til útláns.

Skráð útlán í Gegni voru 1419, sem er 80% aukning frá árinu 2014. Að nokkru leyti má þakka það að útlánum fjölgaði jafnt og þétt á árinu en ekki síður harðfylgi starfsmanns sem hefur ötullega unnið að því að lánþegar skrái út þær bækur sem þeir fara með af safninu. Af þessum tölum má sjá að nokkur árangur hefur náðst en betur má ef duga skal. Það er ljóst að útlán eru fleiri en skráning segir til um en ekki verður gerð tilraun til að giska á fjölda þeirra. Í árslok voru virkir lántakendur 180.
Tekið var upp á þeirri nýbreytni að setja nýjar bækur og tímarit á til þess gerða hillu í kaffistofu starfsfólks í a.m.k. eina viku, til þess að kennarar geti kynnt sér nýtt efni áður en það fer í almenn útlán.
Að lokum má geta þess að umsjón með Gallerí vegg var færð í hendur bókasafnsfræðings.

# MENNTAÁÆTLUN

Síðasta Leonardo da Vinci verkefnið í námi og þjálfun var framkvæmt á vormisseri þegar 14 nemendur keramikdeildar fóru ásamt 3 kennurum til Þýskalands og 12 nemendur textíldeildar fóru ásamt tveimur kennurum til Bretlands.
Á Erasmus+ styrk í námi og þjálfun fóru 16 nemendur í teiknideild ásamt 2 kennurum til Frakklands og Bretlands. Einnig fóru Áslaug Thorlacius, Cindy Leplar, Ólöf Erla Bjarnadóttir og Arnþrúður Ösp Karlsdóttir til Bretlands í október til að fræðast um námsmat, styrkja tengslin við samstarfsskóla Myndlistaskólans í Bretlandi og stofna til nýrra tenginga. M.a. heimsóttu þær Arts University Bournemouth, University for the Creative Arts í Farnham, Royal School of Needlework í Hampton Court og Royal College of Art. Ösp fór ennfremur til Skotlands og heimsótti Heriot Watt skólann í Galashiels og Glasgow School of Art.
Tveir nemendur í textíldeild fóru til Finnlands í 14 daga starfsnám, annar til fyrirtækisins Pure Waste og til fyrirtækisins Studio Helleaalto.
Á Erasmus+ styrk í námi og þjáflun á leik- grunn- og framhaldsskólastigi fóru Ína Salóme og Sigurlína Osuala til Finnlands til að kynna sér samstarfsverkefni listaskóla/menningarhúsa/myndlistarmanna og -kennara og almennra leik- og grunnskóla. Markmiðið var að kortleggja umgjörð og framkvæmd ólíkra samstarfsverkefna með það að leiðarljósi að þróa og bæta samstarfsverkefni Myndlistaskólans með leik- og grunnskólum, bæta mat á árangri þeirra og átta sig á frekari samstarfsleiðum.

Í september 2015 var Myndlistaskólanum veitt vottun VET Mobility Charter vegna náms- og þjálfunarverkefna í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB og gildir hún til 30. september 2020. Vottunin tryggir ekki sjálfkrafa fjármagn heldur veitir hún aðgang að einfaldara umsóknarferli um styrki til náms og þjálfunar sem sótt er um á auglýstum umsóknarfresti til eins eða tveggja ára í senn. Með útgáfu vottunarinnar viðurkennir Landskrifstofa hæfni skólans til að skipuleggja og framkvæma góð náms- og þjálfunarverkefni en gerð er krafa um mikil gæði verkefna þeirra aðila sem fá vottun. Einnig er mikilvægt að stofnunin framfylgi stefnumótun um alþjóðasamstarf sem kynnt var í umsókn og taki framförum á því sviði á tímabilinu. Evrópusambandið gefur út lista yfir vottaðar stofnanir í þátttökulöndum Erasmus+ og kynnir þær sérstaklega. Markmiðið er að styrkja stöðu þessara stofnana í alþjóðlegu samstarfi og að kynna aðila sem hafa sýnt fram á árangursríkt starf á sviði Erasmus+ náms- og þjálfunarverkefna.

# STARFSFÓLK 2015

| Fastir starfsmenn | 2015 | |
|---|---|---|
| Skólastjóri | 100% | Áslaug Thorlacius |
| Bókasafn | 62% | Herdís Tómasdóttir - Ragnhildur Blöndal |
| Bókhald og fjármál | 100% | Björg Elín Pálsdóttir |
| Skrifstofa | 262% | Hafdís Helgadóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir<br>Baldur Björnsson - Margrét Birgisdóttir |
| Ræstingar | 100% | Krzysztof Kisielewski |
| Umsjónarmaður húss og tækja | 94% | Sigurjón Gunnarsson |
| Almenn námskeið - deildarstjórn | 40% | Sigurlína M Osuala - Jón B K Ransu - Margrét Norðdahl |
| Barnadeild - deildarstjórn | 90% | Halldóra Ingimarsdóttir - Sigurlína M Osuala |
| Keramikdeild<br>- deildarstjórn & umsjón | 74% | Ólöf Erla Bjarnadóttir -Gunnhildur Helgadóttir |
| Sjónlistadeild - deildarstjórn | 125% | Einar Garibaldi - Jón B K Ransu - Inga Þórey Jóhannsdóttir |
| Teikning - deildarstjórn | 50% | Anna Cynthia Leplar |
| Textíll - deildarstjórn | 50% | Arnþrúður Ösp Karlsdóttir |
| **Samtals** | 1147% | |
| | | |
| *Fjöldi fastra starfsmanna* | 21 | |
| **Launþegar alls** | 86 | |
| **Verktakar alls** | 113 | |
| **Samtals** | 199 | |



# BARNA- OG UNGLINGADEILD

## NÁMSKEIÐ Á VORÖNN

Boðið var upp á sömu námskeið og á haustönn 2014, þar sem námskeið í barna- og unglingadeild eru byggð upp sem heilsvetrarnámskeið þó að nemendur geti skráð sig í eina önn ef þeir kjósa. Til viðbótar við námskeiðin sem voru á haustönn var bætt við einu 6-9 ára námskeiði og einu 13-16 ára námskeiði í málun og blandaðri tækni. Einnig var boðið upp á námskeið fyrir 13-16 ára í leirmótun sem náðist því miður ekki næg þátttaka í.

| | Fjöldi námskeiða | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| 4-5 ára | 4 | 24 |
| 6-9 ára | 11 | 80 |
| 8-11 ára | 1 | 10 |
| 8-12 ára | 1 | 8 |
| 10-12 ára | 6 | 55 |
| 13-16 ára | 2 | 19 |
| Samtals | 25 | 196 |

Af þeim 25 námskeiðum sem samtals voru haldin við barna- og unglingadeild á vorönn 2015 voru tvö námskeið í útibúi skólans í Miðbergi líkt og árin á undan. Þátttakendur í listasmiðjum á Opnu húsi voru 21 á aldrinum 6-13 ára.

NEMENDAFJÖLDI Á VORÖNN




Af þeim 196 nemendum sem sóttu námskeið við barna- og unglingadeild á vorönn voru 172 nemendur með lögheimili í Reykjavík. 24 nemendur komu frá öðrum sveitarfélögum, flestir frá Seltjarnarnesi eða 11, 6 frá Kópavogi, 3 frá Garðabæ, 2 frá Hafnarfirði, 1 frá Selfossi og 1 frá Þorlákshöfn.

| | Vorönn 2015 |
|---|---|
| Nemendur með lögheimili í Rvk | 172 |
| Nemendur með lögheimili utan Rvk | 24 |
| **Nemendur samtals** | 196 |

Eins og árin á undan var samsetning nemendahópsins í Miðbergi önnur en á Hringbraut og því ánægjulegt að skólinn hafi áfram fengið styrk til að starfrækja námskeið í þessu útibúi sínu þannig að börn úr fleiri hverfum eigi kost á að sækja námskeið á vegum skólans.







Námskeið á vorönn voru kennd frá og með laugardeginum 17. janúar en síðasti kennsludagur var fimmtudagurinn 8. maí. Vetrarfrí var á sama tíma og í grunnskólum Reykjavíkurborgar, frá og með 19. febrúar til og með 22. febrúar. Páskafrí var frá og með 28. mars til og með 8. apríl. Einhver frávik voru frá skóladagatali þar sem tvívegis þurfti að fella niður kennslu á skólaárinu vegna óveðurs og voru þeir tímar bættir upp síðar svo hvert námskeið var samtals 13 vikur á hvorri önn.

Kennarar á námskeiðum í barna- og unglingadeild á vorönn voru: Anna Hallin, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, J.B.K. Ransú, Kari Ósk Grétudóttir, Margrét H. Blöndal, Margrét Norðdahl, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigurlína Osuala, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir.

# SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA

## ÞRÓUN Á LEIKSKÓLASAMSTARFI

Fengist hafði þróunarstyrkur frá skóla- og frístundaráði til þróunar á samstarfi Myndlistaskólans við leikskóla borgarinnar, sem hafði verið starfrækt undanfarin ár. Því miður lá samstarfið sjálft niðri veturinn 2014-15 þar sem ekki fékkst fjármagn í það en þróunarstyrkurinn var nýttur í þróun námsefnis, heimsóknir umsjónarmanna samstarfsins í þátttökuleikskóla frá vetrinum 2013-14 og í að halda endurmenntunardag fyrir starfsfólk frá öllum



*Myndir af verkum 8-12 ára barna í leirrennslu og skúlptúr. Kennarar: Anna Hallin og Guðbjörg Káradóttir.*





*Svipmyndir frá Endurmenntunardegi fyrir eldri þátttökuleikskóla. Kennarar: Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir*

þeim leikskólum sem höfðu tekið þátt í verkefninu til þessa. Þær Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir sem hafa haft umsjón með leikskólasamstarfinu undanfarin ár tóku að sér að vinna þessi verkefni og heimsóttu leikskólana Rauðaborg og Grandaborg í lok árs 2014. Í byrjun árs 2015 útbjuggu þær svo ný verkefni fyrir nemendur á leikskólaaldri og voru þau sett inn á verkefnabanka Myndlistaskólans, kveikjan.is. 10. apríl var síðan haldinn endurmenntunardagur í Myndlistaskólanum sem þær Elsa og Vera sáu um og tóku 20 starfsmenn frá 10 leikskólum þátt í deginum. Mikil ánægja var með daginn og góð stemning myndaðist.

## NEMENDASÝNINGAR OG AÐRIR VIÐBURÐIR

### NEMENDASÝNING Á OPNU HÚSI

Sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 23. apríl kl. 13:00-17:00, var opið hús í Myndlistaskólanum þar sem tæplega 500 nemendur á aldrinum 4-85 ára sýndu verk sín, bæði nemendur úr barna- og unglingadeild og nemendur námskeiðaskóla. Boðið var upp á listasmiðjur fyrir 6-12 ára börn og fylgdarmenn þeirra, Fræ og flygildi, í umsjón Hildigunnar Birgisdóttur. Einnig var boðið upp á





*Myndir af verkum 6-9 ára barna í myndlist. Kennarar: Margrét Norðdahl og Ragnheiður Gestsdóttir*

Myndræna sagnagerð fyrir 13-16 ára undir handleiðslu Þóreyjar Mjallhvítar H. Ómarsdóttur. Opna húsið var að vanda fjölsótt og bökuðu nemendur við sjónlistadeild dýrindis vöfflur og helltu upp á kaffi fyrir sýningargesti.

### FURÐUVERÖLD LÍSU – SÝNING / TÓNLEIKAR / LISTASMIÐJUR

Fimmtudaginn 14. maí, Uppstigningardag, var opnuð sýning á verkum nemenda við barna- og unglingadeild Myndlistaskólans og Landakotsskóla í Listasafni Einars Jónssonar. Sýningin var hluti af dagskrá sem sett var upp á Listahátíð í Reykjavík 2015 sem byggði á nýrri óperu, Furðuveröld Lísu – Ævintýraópera, eftir tónskáldið John A. Speight og rithöfundinn Böðvar Guðmundsson. Verkin á sýningunni voru öll unnin út frá óperunni og ævintýrinu um Lísu í Undralandi. Laugardaginn 30. maí var síðan tónlistardagskrá þar sem kaflar úr ævintýraóperunni voru fluttir af þeim Þóru Einarsdóttur, Sverri Guðjónssyni, Kristjönu Stefánsdóttur og Daða Sverrissyni. Sunnudaginn 31. maí voru haldnar tvær listasmiðjur fyrir 6-12 ára börn sem þær Brynhildur Þorgeirsdóttir og Ína Salóme Hallgrímsdóttir höfðu umsjón með. Smiðjurnar voru haldnar með styrk frá Barnamenningarsjóði og var þátttaka ókeypis. Á Listahátíð 2016 stendur síðan til að frumflytja óperuna í fullri lengd.

## NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

Á haustönn 2015 fóru samtals af stað 25 námskeið við barna- og unglingadeild. Sem fyrr var boðið upp á almennari myndlistarnámskeið í yngri aldurshópunum tveimur en sérhæfðari námskeið fyrir 8-16 ára börn og unglinga, s.s. í leirmótun og skúlptúr, videó- og hreyfimyndagerð, myndasögum, teikningu, málun, grafík og fleiru. Samtals voru 206 nemendur skráðir á námskeið í barna- og unglingadeild á haustönn 2015.

| | Fjöldi námskeiða | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| 4-5 ára | 5 | 27 |
| 6-9 ára | 10 | 81 |
| 8-11 ára | 1 | 9 |
| 8-12 ára | 1 | 8 |
| 10-12 ára | 5 | 49 |
| 13-16 ára | 3 | 32 |
| Samtals | 25 | 206 |

Af þeim 25 námskeiðum sem samtals voru haldin við barna- og unglingadeild á vorönn 2015 voru tvö haldin í útibúi skólans í Miðbergi líkt og árin á undan annars vegar fyrir 6-9 ára og hins vegar fyrir 10-12 ára börn.

Kynjadreifingin er svipuð og síðastliðin ár, 65% stúlkur og 35% drengir.

Af þessum 206 nemendum voru 183 nemendur búsettir í Reykjavík. Aðrir nemendur komu frá Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Álftanesi, Borgarnesi og Stokkseyri.

Fyrsti kennsludagurinn haustannar var föstudagurinn 11. september og sá síðasti þriðjudagurinn 15. desember. Vetrarleyfi var á sama tíma og í grunnskólum í Reykjavík, dagana 25. -28. október. Öll námskeið á haustönn voru 13 vikur á lengd.

Kennarar við barna- og unglingadeild á haustönn voru: Anna Hallin, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Björk Viggósdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Karlotta Blöndal, Margrét H. Blöndal, Margrét M. Norðdahl, Ragnheiður Gestsdóttir, Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir og Þuríður Ósk Smáradóttir.

NEMENDAFJÖLDI Á HAUSTÖNN




| | Kynjadreifing |
|---|---|
| KK | 73 |
| KVK | 133 |
| **Nemendur samtals** | 206 |

| | Haustönn 2015 |
|---|---|
| Nemendur með lögheimili í Rvk | 183 |
| Nemendur með lögheimili utan Rvk | 23 |
| **Nemendur samtals** | 206 |

## SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA

Um vorið 2015 voru leikskólarnir Rofaborg, Stakkaborg og Sunnuás valdir úr hópi umsækjenda til að taka þátt í samstarfi leikskóla í Reykjavík við Myndlistaskólann skólaárið 2015-2016. Börnin heimsóttu Myndlistaskólann sem fyrr í 7 barna hópum með kennurum sínum og kom hver hópur í 6 skipti samtals. Á haustönn 2015 komu tveir hópar frá hverjum leikskóla. 28 börn taka þátt frá hverjum leikskóla yfir allt skólaárið eða samtals 84 börn.

*Verk eftir 6-9 ára nemendur hjá Brynhildi Þorgeirsdóttur.*



Mánudaginn 23. nóvember var haldinn endurmenntunardagur fyrir starfsfólk leikskólans Rofaborgar sem er liður í samstarfsverkefninu. 32 starfsmenn tóku þátt í deginum og var mikil ánægja með verkefni dagsins. Á vorönn 2016 verða síðan haldin dagslöng endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk leikskólanna Stakkaborgar og Sunnuáss.

Elsa Dóróthea Gísladóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir og Guðný Rúnarsdóttir sáu um kennsluna í leikskólasamstarfinu. Sem fyrr var mikil ánægja með samstarfið, eins og svör við kennslumati á endurmenntunarnámskeiðum sýndu t.d. glögglega.

| Fjöldi leikskólabarna á haustönn 2015 | |
|---|---|
| Rofaborg | 14 |
| Stakkaborg | 14 |
| Sunnuás | 14 |
| **Samtals** | **42** |

## LISTBÚÐIR GRUNNSKÓLABARNA

Verkefnið er samstarf Myndlistaskólans í Reykjavík og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um listbúðir fyrir tvo skóla sem valdir voru úr umsóknum frá grunnskólum Reykjavíkur. Að þessu sinni voru valdir Vesturbæjarskóli og Ölduselsskóli. Listbúðirnar voru haldnar vikurnar 2.-6. nóvember og 9.-13. nóvember fyrir nemendur í 4. bekk og kennara þeirra. Búðirnar stóðu yfir í 4.5 kennslustundir á hverjum degi í heila viku og lauk með sýningu á verkum nemenda sem þau buðu aðstandendum að skoða sér til ánægju. Nemendur úr Vesturbæjarskóla komu með bekkjarkennurum sínum í Myndlistaskólann, þar sem bekkjunum var skipt í þrjá hópa. Hóparnir unnu á þremur vinnustofum skólans undir handleiðslu þriggja listkennara Myndlistaskólans. Nemendur Ölduselsskóla og kennarar þeirra tóku hins vegar á móti listkennurum Myndlistaskólans í sínum skóla að Ölduseli 17 í Breiðholtinu.

Nokkrum dögum fyrir listbúðirnar var haldið undirbúningsnámskeið fyrir kennara bekkjanna sem fór fram í Myndlistaskólanum. Þar var farið yfir verkefnin framundan og kennarar fengu sjálfir að spreyta sig á þeim. Þema listbúðanna var „Furðufylgsni og fálmarar“ og hófust þær á því að nemendur fengu innlögn frá arkitektinum Hildi Steinþórsdóttur sem opnaði margvíslega fleti á viðfangsefnið og hvatti nemendur til að velta vöngum, spyrja og leita óhefðbundinna leiða að úrvinnslu verkefnisins. Kynnt var gerð dagbókar sem nemendur unnu jöfnum höndum í út vikuna, bæði skissur og hugmyndir, texta, klippmyndir og annað. Eitt af öðru var svo kynnt til sögu - hugmyndavinna, hráefni til byggingar, tilraunir og prófanir á margvíslegu formi og rými, sem myndgerðust í þrívíðum

verkefnum nemenda. Kennarar listbúðanna voru þær Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir og Hildigunnur Birgisdóttir, myndlistarmenn og kennarar við Myndlistaskólann. Verkefnastjóri listbúðanna var Guja Dögg Hauksdóttir.

| Listbúðir | Haust 2015 |
|---|---|
| Fjöldi nemenda úr Vesturbæjarskóla | 53 |
| Fjöldi nemenda úr Ölduselsskóla | 34 |
| Fjöldi kennara á undirbúningsnámskeiði | 6 |
| **Samtals** | 93 |

## HAUSTBÚÐIR GRUNNSKÓLABARNA

Verkefnið er samstarf Myndlistaskólans í Reykjavík og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um haustbúðir fyrir tvo skóla úr fyrirfram völdum grunnskólum Reykjavíkur sem fengu tilboð um þriggja daga búðir á sviði list- tækni- og verkgreina. Þátttökuskólarnir voru Breiðagerðisskóli og Austurbæjarskóli. Haustbúðirnar voru haldnar í þriggja daga lotum, annars vegar 17.-19. nóvember og hins vegar 24.-26. nóvember fyrir nemendur og kennara þeirra í öllum árgangi 4. bekkjar hvors skóla. Búðirnar stóðu yfir í 4.5 kennslustundir á hverjum degi í þrjá daga og öðrum nemendum skólans var boðið að sjá afraksturinn á lítilli sýningu. Myndlistaskólinn í Reykjavík sendi kennara sína í heimaskóla nemenda þar sem búðirnar voru haldnar.

Þema haustbúðanna var „Furðufylgsni og fálmarar“. Þær hófust á því að nemendur fengu innlögn frá myndlistarmanninum Hildigunni Birgisdóttur sem opnaði margvíslega fleti á viðfangsefnið og hvatti nemendur til að velta vöngum, spyrja og leita óhefðbundinna leiða að úrvinnslu verkefnisins. Kynnt var gerð dagbókar sem nemendur unnu jöfnum höndum í út vikuna, bæði skissur og hugmyndir, texta, klippmyndir og annað. Eitt af öðru var svo kynnt til sögu - hugmyndavinna, hráefni til byggingar, tilraunir og prófanir á margvíslegu formi og rými, sem myndgerðust í þrívíðum verkefnum nemenda. Kennarar haustbúðanna voru þær Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir og Ína Salóme Hallgrímsdóttir, myndlistarmenn og kennarar við Myndlistaskólann. Verkefnastjóri haustbúða var Guja Dögg Hauksdóttir.

| Haustbúðir | Haust 2015 |
|---|---|
| Fjöldi nemenda úr Breiðagerðisskóli | 51 |
| Fjöldi nemenda úr Austurbæjarskóla | 46 |
| **Samtals** | 97 |



*Leikskólasamstarf*






*Myndir frá listbúðum. Kennarar: Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir og Hildigunnur Birgisdóttir*

# ÖNNUR VERKEFNI

## ERASMUS+ VERKEFNI

Barna- og unglingadeildinn fékk Erasmus+ styrk vorið 2013 til verkefnisins Endurmenntun fyrir deildarstjóra og kennara við barna- og unglingadeild - Þróun samstarfs Myndlistaskólans við leik- og grunnskóla.

Fyrri hluti verkefnisins var framkvæmdur á haustönn 2015. Deildarstjóri, Sigurlína Osuala og Ína Salóme Hallgrímsdóttir kennari við barnadeild fóru í fimm daga endurmenntunarferðir til Finnlands til að kynna sér samstarfsverkefni listaskóla/menningarhúsa/myndlistarmanna og -kennara og almennra leik- og grunnskóla í Finnlandi. Markmið verkefnisins er að kortleggja umgjörð og framkvæmd ólíkra samstarfsverkefna sem framkvæmd eru í Finnlandi og Danmörku með það að leiðarljósi að þróa og bæta þau verkefni sem Myndlistaskólinn hefur unnið með leik- og grunnskólum, bæta mat á árangri þeirra og átta sig á frekari samstarfsleiðum. Þessi vinna hefur því bein áhrif á samstarfsverkefni skólans við leik- og grunnskóla borgarinnar og verður kynnt sérstaklega fyrir hlutaðeigandi hjá skóla- og frístundasviði. Vonast er til að hún muni einnig hafa áhrif á samningagerð við borgina um þessi samstarfsverkefni og geti þannig stuðlað að því að þau nái að vaxa og dafna í framtíðinni. Endurmenntunarferðin gekk mjög vel fyrir sig og var mjög fróðleg. Seinni hluti verkefnisins, endurmenntunarferð til Danmerku verður framkvæmd á vorönn 2016.

## MÁLÞING UM SJÓNLIST FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Við upphaf skólaársins efndi Barnadeildin til eins dags málþings um kennslu í sjónlist fyrir börn og unglinga í samstarfi við finnska skólann Arkki School of Arcitecture for Children and Youth. Flutt voru spennandi erindi á vegum skólanna tveggja, með sérstaka áherslu á listræna og kennslufræðilega nálgun við skapandi kennslu, auk kynningar á völdum námskeiðum og smiðjum úr ranni skólanna, sem kveiktu vonandi margvíslega neista og veittu innblástur í starf myndmennta- og listgreinakennara sem sóttu málþingið. Um 68 manns sóttu málþingið sem var öllum opið, og voru myndmennta- og listgreinakennarar sérstaklega velkomnir.

## CREATIVITY – ONE LANGUAGE FOR ALL/4

Barna- og unglingadeildin tekur þátt í verkefninu Creativity – one language for all/4 sem er styrkt af Nordplus Junior.  Fjórir skólar fyrir utan Myndlistaskólans taka þátt í verkefninu, myndlistaskólinn í Tartu , grunnskólinn Peetri frá Eistlandi, myndlistaskólinn í Silutes í Litháen og myndlistaskólinn Vieksnaiai Deniusas í Litháen.

Hluti A var framkvæmdur á haustönn 2016 en þá komu 12 kennarar frá erlendu skólanum í heimsókn í Myndlistaskólann í Reykjavík. Skipulögð var fimm daga dagskrá fyrir kennarana þar sem þeir m.a.  heimsóttu vinnustofur kennara barnadeildar skólans, fengu leiðsögn og kynningu á skólanum ásamt því að kynna eigin skóla og svo var gullni hringurinn farinn. Hlutar B og C verða framkvæmdir á árinu 2017.







*Myndir frá endurmenntunarferð til Finnlands. Heimsókn í Arkitektaskólann Arkki.*

# ALMENN NÁMSKEIÐ

## NÁMSKEIÐ Á VORÖNN

Á vorönn 2015 fór 31 námskeið á framhaldsskólastigi fyrir almenning af stað sem ýmist voru kennd á kvöldin eða morgnana. Að vanda voru haldin námskeiðin teikning 1 og 2, módelteikning og módelteikning - framhald, málun 1 og 2, málun - framhald, frjáls málun, leirkerarennsla, leirmótun og rennsla, vatnslitun, form - rými - hönnun, litaskynjun og skilkiþrykk. Á þessari önn var einnig haldið námskeið í teikningu 3 líkt og á síðustu vorönnum. Einnig fór af stað 10 vikna námskeið í íslenskri samtímalistasögu.

| | Fjöldi námskeiða | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| Teikning | 8 | 83 |
| Módelteikning | 3 | 26 |
| Málun | 4 | 33 |
| Leirmótun og rennsla | 4 | 41 |
| Grundvallaratriði í keramiki | 1 | 12 |
| Vatnslitun | 2 | 22 |
| Litaskynjun | 1 | 11 |
| Form rými hönnun | 1 | 13 |
| Silkiþrykk | 1 | 9 |
| Listasaga | 1 | 15 |
| Myndlist vinnustofa | 2 | 11 |
| Sjónlist grunnnám 2 | 1 | 8 |
| Listmálarastofa á Klaustri | 1 | 11 |
| Master- og gifsmótagerð | 1 | 8 |
| **Samtals** | **31** | **303** |

Eitt námskeið fór af stað í grundvallaratriðum í keramiki fyrir nemendur Tækniskólans sem 12 nemendur sóttu. Einnig fór af stað vinnustofa í myndlist í samstarfi við Fjölmennt og sóttu 7 nemendur vinnustofuna einu sinni í viku og 4 nemendur komu tvisvar í viku. Námskeiðið í sjónlistum grunnnámi 2 var í samstarfi við Kvennaskólann. Tvö sumarnámskeið fóru af stað, listmálarastofa á Klausti og endurmenntunarnámskeið í master- og gifsmótagerð með erlendum gestakennara.

ALMENN NÁMSKEIÐ VORÖNN - NEMENDAFJÖLDI




Fyrsti kennsludagur vorannar var fimmtudagurinn 19. janúar og sá síðasti fimmtudagurinn 23. maí. Páskafrí var frá og með föstudegi 28. mars til og með miðvikudags 8. apríl.

Kennarar á vorönn voru: Anna Cynthia Leplar, Anna Jóa, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðjón Ketilsson, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Jón B.K. Ransu, Jens Pfotenhauer, Kristinn G. Harðarson, Margrét H. Blöndal, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Sigríður Melrós Ólafsdóttir, Sigtryggur B. Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Tanja Huld Levy Guðmundsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Þorri Hringsson, Þóra Sigurðardóttir og Þuríður Ósk Bjarnadóttir.

## NEMENDASÝNING Á OPNU HÚSI

Sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 23. apríl, var haldið Opið hús í Myndlistaskólanum frá kl.13.00-17.00. Þar sýndu allir nemendur á námskeiðum vorannar verk sín, bæði nemendur á almennum námskeiðum og nemendur við barna- og unglingadeild, eða um 500 nemendur á aldrinum 4-85 ára. Um leið var opnuð sýning 8 nemenda í anddyri skólans sem var hluti af hinni árlegu hátíð List án landamæra. Fjölmargir gestir lögðu leið sína í skólann af þessu tilefni og skoðuðu fjölbreytt verk nemenda.

Jón B. K. Ransu tók við starfi deildarstjóra almennra námskeiða af Sigurlínu Osuala í ágúst, 2015.

## NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

Á haustönn fór af stað 21 námskeið á framhaldsskólastigi fyrir almenning sem ýmist voru kennd á kvöldin eða morgnana. Að vanda voru haldin námskeiðin teikning 1 og 2, módelteikning og módelteikning - framhald, leirkerarennsla, leirmótun og rennsla, litaskynjun, vatnslitun, málun 1 og 2 og málun - framhald. Frjáls málun fékk á sig örlítið breytta mynd. Nafninu var breytt í Málun–vinnustofa og viðvera kennara stytt. Í vatnslitun var farið af stað með nýtt námskeið, Tilraunir – teikning – vatnslitun, sem var í umsjá Hörpu Árnadóttur og Valgarðs Gunnarssonar og lögðu þau áherslu á tilraunakennt vinnuferli. Nýtt námskeið var í málun er nefndist Málun, form, lína og áferð. Námskeiðinu var skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta var lagt upp með kennslu í formbyggingu málverks en í síðari hlutanum var áhersla lögð á áferð og efni í málverki. Kennarar voru Guðrún Einarsdóttir og Jón B. K. Ransu. Þá var hrint af stað námskeiði í portrettteikningu sem Anna Cynthia Leplar, Guðjón Ketilsson og Þóra Sigurðardóttir kenndu. Á því námskeiði

| | Fjöldi námskeiða | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| Teikning | 5 | 48 |
| Teikning - Portrett | 1 | 14 |
| Módelteikning | 3 | 26 |
| Málun | 4 | 32 |
| Leirmótun og rennsla | 4 | 39 |
| Vatnslitun | 2 | 20 |
| Litaskynjun | 1 | 10 |
| Gróðurhús hugmyndanna | 1 | 13 |
| **Samtals** | **21** | **202** |



*Málun. Kennari: Sigtryggur Bjarni Baldvinsson.*



*Vatnslitun. Kennari: Hlíf Ásgrímsdóttir.*






*Teikning. Kennari: Þorbjörg Þorvaldsdóttir.*

myndaðist langur biðlisti og sjáum við jafnvel ástæðu til að bjóða upp á portrett á hverri önn á meðan aðsókn er þetta mikil.

Námskeið í Grundvallaratriðum í keramiki, sem haldið hefur verið fyrir nemendur Tækniskólans, féll fyrirvaralaust niður daginn sem það átti að hefjast þar sem Tækniskólinn ákvað að bjóða ekki uppá það.

Fyrsti kennsludagur haustannar var miðvikudagurinn 7. september og sá síðasti þriðjudagurinn 15. desember.

Kennarar á haustönn voru: Anna Cynthia Leplar, Anna Hallin, Bjarki Bragason, Christian Bruun, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðjón Ketilsson, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðrún Einarsdóttir, Harpa Árnadóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Jón B.K. Ransu, Karlotta Blöndal, Margrét H. Blöndal, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Rúna Thors, Sigtryggur B. Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Valgarður Gunnarsson, Þorri Hringsson og Þóra Sigurðardóttir.



*Master- og gifsmótanámskeið. Kennari: Jens Pfotenhauer.*

# LISTNÁMSDEILD

## DIPLÓMANÁM Í MYNDLIST FYRIR FÓLK MEÐ ÞROSKAHÖMLUN

Námslýsing fyrir diplómanám í myndlist fyrir fólk með þroskahömlun var unnin í Myndlistaskólanum í Reykjavík skólaárin 2012-13 og 13-14, með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölmenntar. Vorið 2015 ákvað Fjölmennt að styrkja námið og í kjölfarið var hægt að opna fyrir umsóknir um nám við deildina. Fjölmargir sendu inn umsóknir og myndir af verkum og fór inntökunefnd yfir umsóknir og tók viðtöl við nemendur. Snemma sumars var tólf nemendum boðin skólavist og hófu þeir nám um haustið. Námið er tvö ár.

Í undirbúningi fyrir deildina var farið í kynningarferð til San Francisco, Oakland og Richmond í Kaliforníu í janúar 2015. Þar voru heimsóttar listmiðstöðvarnar Creative growth, NIAD og Creativity explored, þar sem fólk með þroskahömlun vinnur að list sinni. Elsta miðstöðin hefur starfað í 40 ár og hefur því gríðarlega reynslu á þessu sviði og nýttist ferðin vel við skipulagningu námsins.

Á fyrra árinu er farið í almennan grunn og hefðbundnari myndgerð. Á seinna árinu er aukin áhersla lögð á nýja miðla: hljóð, gjörninga og vídeó. Gegnum alla áfanga vinna nemendur sjálfstæð verkefni innan þess ramma sem verið er að kenna hverju sinni. Í lok seinni vetrar er lögð aukin áhersla á frjálsa vinnu, en þó undir leiðsögn kennara. Nemendur fá aðstoð við að styrkja þau vinnubrögð sem þeir kjósa og þróa um leið persónulegt myndmál sitt.

Í náminu er áhersla lögð á frjálsa myndlist, starfsvettvangur myndlistarfólks og hönnuða er skoðaður og verkefni tengd hönnun lögð fyrir. Námsbrautin er innlegg í að bæta stöðu listafólks með þroskahömlun og gefa fólki færi á að rækta hæfileika sína í faglegu námsumhverfi. Námsbrautin er í takt við það sem fram kemur í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem sérstaklega er tilgreint mikilvægi þess að fólk hafi tækifæri til að rækta og njóta hæfileika sinna sem og rétt fólks til að stunda nám á öllum skólastigum. Í íslenskum rannsóknum kemur fram að ungt fólk með þroskahömlun óskar eftir því að halda áfram námi að loknum framhaldsskóla og að þörf er á að bjóða upp á faglegt nám í listum fyrir fólk með þroskahömlun. Kröfur um nám og faglega reynslu eru þau augljósu viðmið sem sýningarsalir, liststofnanir og fagfélag myndlistarmanna setja upp. Mikilvægt er að koma á tengslum við starfsvettvang myndlistarmanna og hönnuða á meðan á námi stendur og skoða möguleika nemenda á því að vinna fyrir

*Collage verk í tvívíðri formfræði.*



*Teikningar af nemendum og kennurum listnámsdeildar eftir Ísak Óla Sævarsson*



*Teiknað með vír og skugga*



*Heimsókn til Helga Þorgils í Gallerí Gang*



sér í myndlist, handverki og hönnun ýmiskonar.
Ávinningur diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun er margþættur. Meðal annars sá að listsköpun og listræn sýn nemenda fær að njóta sín, en með því að hlúa að henni stuðlum við að fjölbreyttara og áhugaverðara samfélagi. Í náminu gefst nemendum tími til að dýpka listræna vinnu sína og fá faglega þekkingu á tækni, efnisvali og listasögu undir leiðsögn fagfólks með sérþekkingu í listum og kennslu.
Í uppbyggingu nýju námsbrautarinnar er tekið mið af skipulagi sjónlistadeildar skólans en námið lagað að þörfum og getu nemenda diplómadeildar í myndlist. Áhersla er lögð á að nemendur læri öll helstu undirstöðuatriði myndrænnar sköpunar

Skipulag: Námið er 20 framhaldsskólaeiningar sem deilast niður á 4 annir. Kennsla fer fram í dagskóla og er kennt tvo morgna í viku. Til að geta hafið nám við deildina þurfa nemendur að hafa lokið starfsbraut framhaldsskóla eða búa að reynslu sem metin er jafngild. Námið er skilgreint á 1. þrepi samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um nám. Hver önn skiptist í tvær lotur.

**Haustönn 2015**

Haustönnin eða MISSERI 1 skiptist í 2 áfanga
1. áfangi —Tvívíð vinna
Teikning 1/Tvívíð formfræði/Ljósmyndun/Hugmyndavinna
2. áfangi — Litur, líkami, hreyfing

*Teiknað eftir skugga af vírteikningu*



*Myndir frá áfanga í litafræði*



Litafræði/Málun/Módelteiknun - Mannslíkaminn/Vídeó
Deildarstjóri: Margrét M. Norðdahl
Kennarar: Margrét M. Norðdahl og Kolbeinn Hugi Höskuldsson.
Fyrirlestrar: Magnús Gestsson listasögukennari, Kristinn G. Harðarson myndlistarmaður, Sendiherrar Sameinuðu þjóðana um málefni fatlaðs fólks.

## VINNUSTOFA Í MYNDLIST FYRIR FÓLK MEÐ ÞROSKAHÖMLUN

**Vor- og Haustönn 2015**

Vinnustofa í myndlist er á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 13 - 15:30.
Umsjón með vinnustofu: Margrét M. Norðdahl
Kennarar: Margrét M. Norðdahl, Gerður Leifsdóttir og Kristinn G. Harðarson.
Nemendur: 5 nemendur sóttu vinnustofu á mánudögum, 12 á fimmtudögum. 2 koma tvisvar í viku.

Í vinnustofunni fer fram sjálfstæð vinna nemenda undir handleiðslu kennara.
Stór hluti hópsins sem sækir vinnustofuna á það sammerkt að hafa tekið þátt í námskeiðum í myndlist á vegum Fjölmenntar. Margir hafa fengist töluvert við listiðkun og jafnvel mótað persónulegan stíl. Vinnustofan er sérsniðin að þörfum þessa hóps svo hún megi verða þeim hvatning og leið til þess að halda listiðkun sinni áfram og víkka áhugasvið þeirra og getu í myndlist.





# SJÓNLISTADEILD

**Inga Þórey Jóhannsdóttir** hætti störfum sem deildarstjóri sjónlistadeildar í febrúar. **Jón B. K. Ransu** leysti hana af frá 15. febrúar til 31. júní. Staðan var auglýst um vorið. **Einar Garibaldi Eiríksson** var ráðinn og starfaði fyrst ásamt Ransu í júní en tók að fullu við starfinu að loknu sumarleyfi.

Mikilvægur áfangi náðist 7. maí þegar **Illugi Gunnarsson** mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti skólann ásamt föruneyti en megintilgangur heimsóknarinnar var að undirrita þriggja ára þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi en undir þann samning falla listnámsbraut, eins árs listnám og almenn námskeið á framhaldsskólastigi. Samningurinn gildir til loka skólaársins 2017-18.
8. desember náðist annar mikilvægur áfangi en þá birti Lögbirtingarblaðið **staðfestingu ráðherra á listnámsbraut skólans**.

## VORÖNN 2015

Alls hófu 70 nemendur nám við sjónlistadeild í janúar sem skiptustu svo milli hópa:
16 nemendur á fyrra ári listnámsbrautar - 1 hætti fljótlega, 15 luku önninni.
12 nemendur á síðara ári listnámsbrautar - 1 hætti fjlótlega, 11 luku önninni, 10 með stúdentsprófi.
42 nemendur í eins árs listnámi, 3 hættu á önninni, 39 luku náminu.

*Módel 3, áfangi á 2. ári listnámsbrautar. Kennari: Elsa D. Gísladóttir*





## Áfangar og kennarar:

### VORÖNN 2015

**Sjónlistadeild 1**

Íslenska 2: **Sigurrós Eiðsdóttir**
Enska 2: **Louise Harris**
Listasaga 2: **Magnús Gestsson**
Listheimspeki-menningarlæsi 2 (kvikmyndafræði): **Oddný Sen**
Módelteikning 2: **Margrét H Blöndal**
Margmiðlun 2: **Erla Stefánsdóttir** og **Vigfús Birgisson** (stafræn ljósmyndun og filma) og **Dodda Maggý** (tölva)
Stærðfræði 1: **Frímann Kjerúlf** og **Hildigunnur Birgisdóttir**
Teikning 2: **Elsa Gísladóttir** og **Sigríður Björg Sigurðardóttir**
Verkstæði 1: **Þorri Hringsson** (tvívíð vinna), **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** (tímatengd vinna) og **Guðrún Vera Hjartardóttir** (þrívíð vinna)
Heilsurækt 1, jóga: **Kristján Björn Þórðarson, Soffía Guðrún Jóhannsdóttir** og **Frímann Kjerúlf**

18. apríl opnuðu nemendur í sjónlistadeild 1 sýningu í **Gallerí Tukt** og sýndu málverk sem þau unnu í áfanganum **verkstæði 1**

**Sjónlistadeild 2** (áfangar eingöngu í Sjónlistadeild 2)

Listheimspeki og menningarlæsi 4: **Haraldur Jónsson**
Stærðfræði 2: **Frímann Kjerúlf** og **Hildigunnur Birgisdóttir**
Íslenska 4 - greinargerð með lokaverki: **Jón B. K. Ransu**
Heilsurækt 2, jóga: **Kristján Björn Þórðarson, Soffía Guðrún Jóhannsdóttir** og **Frímann Kjerúlf**

**Sjónlistadeild 3** (áfangar eingöngu í Sjónlistadeild 3)

Módelteikning 2: **Guðrún Vera Hjartardóttir** (mótun), **Anna Cynthia Leplar** (teikning) og **Þorbjörg Þorvaldsdóttir** (anatómía-teikning)
Listasaga 2: **Magnús Gestsson**

**Sjónlistadeild 2** og **Sjónlistadeild 3** (sameiginlegir áfangar)

Skapandi starfsumhverfi 3 (möppugerð): **Bjarki Bragason** og **Louise Harris**
Margmiðlun 3: **Erla Stefánsdóttir** og **Vigfús Birgisson** (stafræn ljósmyndun og filma) og **Dodda Maggý** (tölva)
Teikning 4: **Eygló Harðardóttir**, **Elsa Gísladóttir** og **Guja Dögg Hauksdóttir**
Verkstæði 1: **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Sigríður Melrós Ólafsdóttir** (tvívíð vinna), **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** (tímatengd vinna) og **Inga ragnarsdóttir** og **Ragnhildur Stefánsdóttir** (þrívíð vinna)
Verkstæði 3, lokaverk: **Bjarki Bragason**, **Guja Dögg, Ólöf Nordal** og **Finnur Arnar Arnarson**

**Vorsýning skólans** var haldin á jarðhæð Hringbrautar 121, í fyrrum húsnæði Nóatúnsverlunarinnar. Þar sýndu útskriftarnemendur sjónlistadeildar verk sem þau unnu í áfanganum Verkstæði 3.

**Brautskráningarathöfn sjónlistadeildar** fór fram í Kaffihúsinu Víkinni í Sjóminjasafninu við Grandagarð 28. maí þar sem 49 nemendur brautskráðust, 10 nýstúdentar og 39 nemendur sem luku eins árs listnámi (sjá lista yfir brautskráða nemendur aftast í skýrslunni).

**Inntökupróf** fyrir skólaárið 2015-16 var haldið 26. maí og sjúkrapróf tveimur dögum síðar. Prófið var að því leyti frábrugðið hefðinni að það stóð aðeins í 3 tíma. Verkefni í prófi voru tvö: teikniverkefni/uppstilling sem jafnframt þurfti að lita með vatnslit og frjálst verkefni út frá kveikju. Umsækjendur skiluðu því til viðbótar heimaverkefni sem fólst í því að teikna rými að eigin vali og gera grein fyrir þrívíddinni með sannfærandi hætti. Elsa Dóróthea Gísladóttir og Jón BK Ransu mátu úrlausnir og völdu inn nemendur. Ákveðið var að fækka nemendum miðað við fyrra ár. Teknir voru inn 18 nemendur á fyrra ár listnámsbrautar og 35 í eins árs listnám. Af þeim var 3 boðið að taka verklega áfanga með nemendum á 2. ári listnámsbrautar á haustönn en alls héldu 15 nemendur áfram frá síðasta skólaári. Alls hófu því 68 nemendur nám á haustönn.

## HAUSTÖNN 2015

Skólinn var settur föstudaginn 21. ágúst kl. 13:00. Setningin fór fram í módelstofu en þegar skólastjóri hafði boðið nemendur velkomna til starfa og kynnt starfsmenn skólans fóru nýir nemendur um skólann og kynntust húsinu undir leiðsögn eldri nemenda. Deildarstjóri kynnti nemendur fyrir uppbyggingu, skipulagi og helstu áherslum í námi, ásamt því að dreyfa upplýsingum um helstu verkfæri sem nemendur þyrftu að verða sér út um o.s.frv.



Kennsla hófst síðan af fullum krafti mánudaginn 24. ágúst.

**Sjónlistadeild 1:** 18 nemendur hófu nám. 2 hættu áður en önninni lauk.

**Sjónlistadeild 2:** 15 nemendur héldu áfram frá fyrra ári. 4 nemendum sem sóttu um í árs námi var boðið að fylgja nemendum á öðru ári fram að jólum, 1 þeirra hætti áður en önninni lauk. 1 nemandi fékk leyfi til upptöku ólokinna áfanga til stúdentsprófs en hætti áður en önninni lauk. Því hófu 20 nemendur nám á 2. ári um haustið en 18 luku önninni.

**Sjónlistadeild 3:** 31 nemandi hóf nám um haustið. 29 luku önninni en 2 hættu á miðri önn.

Alls hófu því 69 nemendur nám við sjónlistadeild á haustönn og af þeim luku 63 önninni.

**Einar Garibaldi Eiríksson** var deildarstjóri í 100% starfi, sem skiptist þannig að 75% fóru í stjórnun og 25% í kennslu.

## Áfangar og kennarar á haustönn:

Eins og undanfarin ár voru Sjónlistadeild 1 og 3 að miklu leyti í sömu áföngum á haustönn.

**Sjónlistadeild 1**

Íslenska 1: **Haraldur Jónsson**
Teikning 1: **Elsa D. Gísladóttir, Eygló Harðardóttir** og **Karlotta Blöndal**, **Illugi Eysteinsson** flutti fyrirlestur
Margmiðlun 1: **Erla Stefánsdóttir** og **Katrín Elvarsdóttir**
Módelteikning 1: **Cindy Leplar**, **Guðrún Vera Hjartardóttir**, **Halldór Baldursson** og **Ingólfur Arnarsson**
Litafræði 1: **Jón B.K. Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Þórunn María Jónsdóttir**
Formfræði 1: **Guja Dögg Hauksdóttir**, **Ingólfur Arnarsson** og **Unnar Örn Auðarson**

*Verkstæði 1, áfangi á 1. ári listnámsbrautar. Kennari: Þorri Hringsson*



Formfræði 2: **Finnur Arnar Arnarson**, **Guja Dögg Hauksdóttir** og **Sólveig Aðalsteinsdótti**
Stærðfræði 1: **Frímann Kjerúlf**, en áfanginn var að hluta til kenndur með Formfræði 2
Listheimspeki og menningarlæsi 1: **Jón B.K. Ransu**
Listasaga 1: **Magnús Gestsson**
Kvikmyndafræði 1: **Oddný Sen** í samstarfi við **Bíó Paradís**
Heilsurækt 1, jóga: **Kristján Björn Þórðarson**.

**Sjónlistadeild 2**

Stærðfræði 2: **Frímann Kjerúlf**
Teikning 3: **Margrét H. Blöndal** og **Haraldur Jónsson**
Bókagerð: **Sigrún Sigvaldadóttir**
Starfsumhverfi 2: **Bjarki Bragason**
Módel 3: **Jóní Jónsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir** og **Elsa D. Gísladóttir,** auk þess sem **Aðalheiður L. Guðmundsdóttir** og **Ólöf Ingólfsdóttir** komu sem gestir
Hugmyndavinna - Skissubók: **Einar Garibaldi Eiríksson**
Margmiðlun 3: **Dodda Maggý**
Möppugerð: **Magnús V. Pálsson**
Starfsumhverfi: **Bjarki Bragason** og **Berglind Jóna Hlynsdóttir**
Listasaga 3: **Magnús Gestsson**
Listheimspeki og menningarlæsi 3: **Einar Garibaldi Eiríksson**
Íslenska 3: **Ásdís Arnalds** kennari við Kvennaskólann í Reykjavík
Heilsurækt 2, jóga: **Kristján Björn Þórðarson**

**Sjónlistadeild 2b** (þrír lengra komnir nemendur í eins árs námi) voru í flestum sömu áföngum og sjónlistadeild 2.

**Sjónlistadeild 3**

Margmiðlun 1: **ljósmyndun, Erla Stefánsdóttir** og **Katrín Elvarsdóttir**
Bókagerð: **Sigrún Sigvaldadóttir**
Margmiðlun 2, tölva: **Dodda Maggý**
Teikning 1: **Elsa D. Gísladóttir**, **Eygló Harðardóttir** og **Karlotta Blöndal**, **Illugi Eysteinsson** flutti fyrirlestur
Módelteikning 1: **Cindy Leplar**, **Guðrún Vera Hjartardóttir**, **Halldór Baldursson** og **Ingólfur Arnarsson**
Hugmyndavinna - Skissubók: **Einar Garibaldi Eiríksson**

Litafræði 1: **Jón B.K. Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Þórunn María Jónsdóttir**
Möppugerð: **Magnús V. Pálsson**
Formfræði 1**: Guja Dögg Hauksdóttir**, **Ingólfur Arnarsson** og **Unnar Örn Auðarson**.
Formfræði 2: **Finnur Arnar Arnarson**, **Guja Dögg Hauksdóttir** og **Sólveig Aðalsteinsdóttir**
Starfsumhverfi: **Bjarki Bragason** og **Berglind Jóna Hlynsdóttir**
Listasaga 3: **Magnús Gestsson**
Listheimspeki og menningarlæsi 1: **Jón B.K. Ransu**

Síðasti kennsludagur fyrir jólafrí var miðvikudagur 16. desember.

# MÓTUN – DIPLÓMANÁM

## VOR 2015

**Á vorönn 2015 var kenndur B hluti - Efni.**
Tveir nýir nemendur voru teknir inn í B hluta á vorönn 2015.

**B HLUTI - Efni** skiptist í áfangana: Hugmyndavinna - Efni, Rannsóknarleiðangur, Efni og aðferðir sem skiptist í gifsmótagerð, efnafræði og tilraunastofu og hönnunarsöga.

**Annarstjórar** voru **Hanna Dís Whitehead, Hildur Ýr Jónsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir**

**Kennarar** auk þeirra voru **Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Elísabet V. Ingvarsdóttir** og **Sigurlína Osuala.** Gestakennari í eina viku var **Jonathan Keep.**
**Nemendur:** 14 nemendur stunduðu nám í B hluta þar af útskrifuðust 6 nemendur með diplómagráðu eftir tveggja ára nám.

Í B hluta er áhersla lögð á tilraunir með postulín og gifsmót. Postulínsverkin sem koma úr mótunum eru skorin sundur og þeim skeytt saman á nýjan hátt, nemendur skiptast á verkum og mótum og allt blandast saman þar til úr verða ný verk sem eru í raun bæði samvinnuverk og einstaklingsverk.
Samkvæmt venju var farið í ferð til Þýskalands og skoðaðar postulínsverksmiðjur, verkstæði, söfn, skólar ofl. Í lok ferðar var dvalist í Dessau og gist í skólabyggingu Bauhaushreyfingarinnar. Þar gerðu nemendur einnig verkefni í tengslum við starfsemina á svæðinu, fyrr og nú.
Nýr áfangi var kenndur í fyrsta skipti á önninni, þrívíddarprentun í leir. Jonathan Keep, breskur keramiker kom og kenndi nemendum að teikna form í þrívíddarforritinu Blender og síðan voru þær teikningar prentaðar út í leir á þrívíddarprentara sem Jonathan hafði smíðað og kom með með sér. Sigurjón Gunnarsson tók seinna að sér að smíða samskonar þrívíddarprentara fyrir leir sem skólinn hefur nú tekið í notkun.

Önninni lauk með sýningu í ófullgerðu húsnæði á jarðhæð JL hússins. Prófdómari var Auður Ösp Jónsdóttir.

*B hluti. Yfirferð á vorsýningu. Kennarar Hildur Ýr Jónsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir. Nemandi Pauline Leffhalm.*



## HAUST 2015

**Á haustönn 2015 var kenndur C hluti - Innri gerð.**

C hluti skiptist í áfangana: Efni og aðferðir - rennsla og Efni og aðferðir - glerungar, Heimspeki, Teikning og Portfólíó, Sjálfstætt verkefni og Tölvustudd hönnun.

**Annarstjórar** í C hluta voru: **Ólöf Erla Bjarnadóttir og Brynhildur Pálsdóttir.**

**Kennarar** auk þeirra voru: **Christian Bruun, Guðbjörg Káradóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir**, **Steinar Örn Atlason**, **Sigurlína Osuala** og **Gunnhildur Helgadóttir.**
**Nemendur:** 11 nemendur stunduðu nám í C hluta og luku allir 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga.
Áhersla í vinnu annararinnar var lögð á rennslu, þ.e. tæknina við að renna leir á rennibekk og á samhæfingu líkama og hugar sem er mjög mikilvægur þáttur í að ná valdi á rennslu.
Hugmyndavinna var í umsjón Brynhildar Pálsdóttur og var sú vinna unnin meðfram og í nánum tengslum við rennsluna. Nokkur verkefni voru meginuppistaðan í vinnu annarinnar. Verkefnin voru m.a. að gera 10 hluti eins, vinna út frá helgiathöfn og búa til eigin heim í formi eyju sem hver nemandi skapaði út frá eigin hugarheimi. Inn í þennan heim bjó hver og einn til hluti, seríur helgimuni ofl sem allir voru renndir. Þannig fléttaðist hugmyndavinna og tækni saman á persónulegan hátt.

Lögð var áhersla á að fá nokkra keramikera til að kenna rennslu því hver og einn þróar eigin aðferðir við rennslutæknina og gott er fyrir nemendur að læra mismunandi aðferðir. Auk íslensku keramikeranna Ólafar Erlu Bjarnadóttur, Guðbjargar Káradóttur og Þuríðar Smáradóttur kom danski keramikerinn  Christian Bruun og kenndi rennslu í eina viku.

Deildin fékk heimsókn frá myndlistamanni og kennara frá Englandi, Sophie Megan Lee sem vann rannsóknarverkefni um verkefni C hluta. Hún fylgdi nemendum eftir alla önnina og mun halda áfram fram á sumar að fylgjast með völdum nemendaverkefnum.

Önninni lauk með yfirferð þar sem nemendur kynntu verkefni sín. Viðstaddir voru umsjónarkennarar, auk prófdómara sem var Kristín María Sigþórsdóttir.

*C hluti Mótun. Rennsla. Nemendur að renna leir.*





*B hluti Mótun. Vorsýning. Lokaverkefni nemenda.*

*C hluti Mótun. Rennsla. Sýnikennsla hjá Christian Bruun, sem var gestakennari á önninni.*



# TEIKNING – DIPLÓMANÁM

## B HLUTI, VORÖNN 2015

**B hluti** skiptist í 4 áfanga: Myndræn frásögn, Rannsóknarleiðangur, Letur/handrit/menningarsaga og Fræðsla og rannsóknir. Auk þess lærðu nemendur tölvuvinnslu, módelteikningu og unnu með sjónrænar dagbækur vikulega mest alla önnina.

Annarstjóri: **Anna C Leplar**

Kennarar: **Anna C Leplar, Áslaug Jónsdóttir, Bjarni Hinriksson, Halldór Baldursson, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Linda Ólafsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir Þorri Hringsson**, **Þorbjörg Þorvaldsdóttir** og **Alexis Deacon** kom frá Bretlandi til að kenna í deildinni í þriðja sinn. Ýmsir aðrir teiknarar héldu fyrirlestra fyrir nemendur.

**Nemendur:** Sextán nemendur stunduðu nám í B hluta og luku 23 einingum eða ígildi 30 ECTS eininga hver. Tveir nemendur útskrifuðust um vorið eftir tveggja ára nám. Einn fékk inngöngu á 3. ár í tölvuleikjahönnun við samstarfskóla MíR, University of Cumbria og hinn fékk inngöngu á 2. ár í myndskreytingu við Leeds College of Art í Bretlandi.

Á B-önn er unnið með frásögnina í gegnum margvíslega teiknimiðla og aðferðir, ljós og lýsingu, myndbyggingu, andrúmsloft og stemningu. Nemendur læra að leita heimilda þegar unnið er með sögulegt efni. Áhersla er lögð á að myndgera hugmyndaheima, á sköpun karaktera, frásagnarmátt myndarinnar, skapandi skrif og myndskeið. Ennfremur vinna nemendur á myndrænan hátt með letur og læra að nota umbrotsforrit. Verkefni taka flest mið af aðfengnum texta. Á B önn stefna nemendur að skilum á verkum sem sýna fram á hæfni til að takast á við ólík markmið og stíla. Á B önn er lögð áhersla að nemendur sýni fram á að þeir hafa fjölbreytt stílbrögð á valdi sínu og hæfni til að takast á við ólík markmið.

Á B önn fara nemendur í námsferð til Evrópu þar sem þeim gefst tækifæri til að víkka út sjóndeildarhring sinn á aðra menningarheima og kynnast öðrum löndum og skólum.

Ferðin 2015 var farin til Frakklands og Bretlands. Kennararnir **Anna C Leplar**, **Bjarni Hinriksson** og **Halldór Baldursson** höfðu umsjón með verkefninu og fóru með í ferðina. Ferðin var mikil upplifun og að héldu nemendur sýningu. Fulltrúar RANNÍS (sem sér um Erasmus+ á Íslandi) voru viðstaddir sýninguna og hrifning þeirra leiddi til samstarfsverkefnis milli RANNIS og nemenda teiknideildar seinna á árinu.

Vorsýning skólans var haldinn á neðstu hæð í JL Húsinu og tókst mjög vel og vakti mikla hrifningu fjölda gesta. Allir nemendur teiknideildar áttu verkefni á sýningunni en tveir nemendur sem útskrifuðust í maí sýndu lokaverkefni sín. Deildin var með sér sýningarherbergi innan sýningarýmisins.

## C-HLUTI, HAUSTÖNN 2015

**C hluti** skiptist í 3 áfanga: Hreyfing og myndræn frásögn, Form, rými og hljóð og Hugarheimar. Auk þess tóku nemendur tölvuáfanga (Photoshop og AfterEffects ) sem að þessu sinni var kenndur í heimstofunni, sóttu heimspekitíma hjá **Steinari Erni Atlasyni** einu sinni í viku, ásamt nemendum í öðrum diplómadeildum, fengu módelkennslu nokkrum sinnum á önninni og unnu með sjónrænar dagbækur einu sinni í viku.

Annarstjóri: **Anna C Leplar**

Kennarar: **Anna C Leplar**, **Bjarni Hinriksson**, **Brian Pilkington**, **Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Lára Garðarsdóttir, LindaÓlafsdóttir, Sigga Björg, Sigurður Þórisson, Steinar Örn Atlason og Salvatore Rubbino,** myndlistamaður og kennari við ýmsa listaháskóla í Bretlandi kenndi í deildinni í fyrsta sinn.

**Nemendur:** 2 útskrifuðust um vorið og 1nemandi kom aftur eftir hlé. Alls voru nemendur 15.

*Pása í námsferðinni í Angouleme í Frakklandi.*




*Í námsferðinni var bekkurinn í vinnustofu hjá samstarfsskóla deildarinnar, University of Cumbria.*



**Fyrirlestrar:** Ýmsir fyrirlesarar komu við sögu, m.a. **Salvatore Rubbino. Benjamin Bohn** frá CCP hélt í þriðja sinn fyrirlestur um portfólíógerð fyrir allar diplómadeildir.

Nemendur héldu áfram að þjálfa frásagnartækni myndmáls og þróuðu persónulegan stíl í túlkun og útfærslu verkefna. Mun meiri áhersla var lögð á tölvunotkun við teikningu og úrvinnslu mynda en á fyrri önnum. Stundatafla annarinnar var sett upp þannig að mun meira flæði var á milli lota. Kennarar komu úr ýmsum áttum og tók hver við af öðrum við að auka og dýpka þekkingu nemenda á fjölbreyttum miðlum og ólíkri tækni. T.d. kenndi **Lára Garðarsdóttir** teiknimyndagerð og tvívíða karaktermótun í tölvum með þar til gerðum forritum og tækjum. **Sigurður Þórisson** kenndi AfterEffects í heimastofunni sem **Bjarni Hinriksson** síðan nýtti sér í gerð myndskeiða í tölvu.

Nemendur æfðu sig mikið í hefðbundinni teikningu á pappír; m.a. í módelteikningu hjá **Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur** og í vikulöngum áfanga í að gera myndir við sögur hjá **Salvatore Rubbino**.

Nemendur unnu líka með rými og hljóð í nokkrum smærri verkefnum hjá **Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur**. Önnin endaði með hópvinnu. Afraksturinn, ýmis öpp sem þau hönnuðu fyrir snjallsíma eða tölvu var sýndur í röð fyrirlestra í máli og myndum.

Nemendur í diplómanámi í teikningu fengu það skemmtilega og krefjandi verkefni að teikna myndir fyrir gæðaviðurkenningar menntaáætlunar Evrópusambandsins Erasmus + sem Rannís veitti á hátíðlegri stund í Ásmundarsafni 10. desember sl. Veittar voru 10 viðurkenningar til menntastofnana á öllum skólastigum og er óhætt að segja að vinna nemenda hafi vakið eftirtekt og ánægju meðal viðstaddra. Linda Ólafsdóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir voru með umsjón með verkefninu. (KENNARANÖFN BOLD)

Að fá tækifæri til að glíma við raunverulegt verkefni á sömu forsendum og fagmaður er í senn krefjandi og mikilvægt fyrir nemendur í sérhæfðu námi. Þau fjölbreyttu verkefni sem hópurinn glímdi við í þessu samstarfverkefni við Rannís kölluðu fram alla þá tækni og ólíku aðferðir sem nemendur hafa kynnst í náminu.

*Alexis Deacon, breskur myndskreytir, kom í þriðja sinn að kenna á B-önn.*



*Samvinnuverkefni á A-önn. Kennarar voru Sólveig Aðalsteinsdóttir og Halldór Baldurson.*



*Umhverfismynd fyrir karakter eftir Guðnýju Hannesdóttur. Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir.*



*Bekkurinn í Ásmundarsafni ásamt skólastjóranum þegar viðurkenningar Rannis sem þau hönnuðu voru afhentar.*



# TEXTILL – DIPLÓMANÁM

## VORÖNN : B HLUTI 2015

**Umhverfi**

**B hluti** skiptist í 5 áfanga; mynsturgerð, litagreiningu og teikningu, þrykk og litun, skapandi prjón, textílpott og rannsóknarleiðangur sem er námsferð til Evrópu.
**Annarstjóri**: **Magnea Einarsdóttir**

**Kennarar: Andrea Fanney Jónsdóttir, Tanja Huld Leví Guðmundsdóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Margrét H. Blöndal, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Magnea Einarsdóttir og Brynhildur Pálsdóttir.**

**Fyrirlesarar:** Linda Björg Árnadóttir fjallaði um munsturgerð og fatahönnun, Svanborg Matthíasdóttir um litafræði og hönnuðirnir Aníta Hirlekar, Una Baldvinsdóttir og Tanja Leví tóku á móti nemendum á sýningum sínum á Hönnunarmars. Jacey Boggs var með vinnustofu í spuna og kenndi tækni við þráðargerð. Skoðaðar voru sýningar á Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum og Hönnunarsafni Íslands og heimsótt voru fyrirtækin Textílprentun Íslands og FabLab í Breiðholti.

**Nemendur:** Tólf nemendur stunduðu nám í B hluta og luku 23 einingum eða ígildi 30 ECTS eininga hver. Tveir nemendur útskrifuðust um vorið eftir tveggja ára nám og fengu báðir inngöngu í samstarfsskóla okkar í Skotlandi, í vefnað á 3ja ár í Herriot Watt og í textíldeild í Glasgow School of Art í Skotlandi.

Á B-önn er unnið með hugmyndavinnu og munsturgerð, áhersla er lögð á teikningu, skissuvinnu, litagreiningu og vinnuferli. Nemendur þróuðu skissur og teikningar og unnu litagreiningu útfrá ljósmyndum sem þeir tóku sjálfir. Lögð var áhersla á að skoða form, áferð og liti úr umhverfinu. Nemendur unnu munstur og síþrykk bæði handgerð og í tölvu, lærðu að yfirfæra munstrin á silkiramma og þrykkja símunstur á efni og að lita náttúruleg efni. Nemendur unnu einnig með handprjón, lærðu hagnýt grunnatriði í prjóni og unnu sjálfstætt að því að þróa og yfirfæra munsturskissur og hugmyndir í prjónað efni.

Á B-önn fara nemendur í námsferð til Evrópu, að þessu sinni til Hollands, Belgíu og Bretlands. Þar veittist þeim einstakt tækifæri til að heimsækja listaháskóla, listasöfn og fyrirtæki sem eru framarlega í hönnun eða textílframleiðslu. Kennararnir **Brynhildur Pálsdóttir og Magnea Einarsdóttir** fóru með og höfðu umsjón með verkefninu. Ferðin er afar mikilvægur hluti af náminu en nemendur læra um, sjá og upplifa fjölbreytni í hönnun og framleiðslu í textíl. Heimsóknir í listaháskóla erlendis hjálpa nemendum einnig að átta sig á mismunandi áherslum skólanna og hvert hægt er að stefna.

Í lok annar unnu nemendur að eigin portfólíógerð og fengu fræðslu, leiðsögn í tölvuvinnu, hugbúnaðarnotkun og textagerð.

Vorsýning skólans var haldinn á neðstu hæð í JL Húsinu. Sýningarrýmið nýttist vel og var sýningin fjölsótt.

## HAUSTÖNN: C HLUTI 2015

**Hugmyndavinna - hugmyndaþróun**

**C hluti** skiptist í 6 áfanga: vélprjón, þrykk, vefnað, efni og aðferðir, textílpott og heimspeki.
**Annarstjóri**: **Andrea Fanney Jónsdóttir**

**Kennarar: Andrea Fanney Jónsdóttir, Christie Anne Alexender, Sigrún Halla Unnarsdóttir, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Tanja Huld Leví Guðmundsdóttir, Ásthildur Magnúsdóttir og Steinar Örn Atlason.**

**Fyrirlestrar:** Hönnuðirnir Sigrún Halla Unnarsdóttir og Una Baldvinsdóttir fjölluðu um hönnun, Sigrún Hrólfsdóttir kynnti hugmyndafræði Gjörningaklúbbsins, Tanja Leví fjallaði um áhrif textíls á umhverfið og nemendur heimsóttu prjónafyrirtækið Glófa.

**Nemendur:** Tveir nemendur útskrifuðust um vorið, einn nemanda vantaði einingar til að útskrifast og lauk þeim á haustönn og mun útskrifast með hópnum 2016. Margar umsóknir bárust og fimm nýir nemendur voru teknir inn, nemendur eru því alls 15.

C-önn einkennist af markvissri hugmynda- og rannsóknarvinnu sem fléttast inn í öll námskeið. Nemendur kynntu sér hvernig ólíkir hönnuðir vinna, ígrunduðu eigin hugmyndavinnu með

*Bethina Elverdam Nielsen, vélprjón á C-önn. Kennarar: Christie Alexander og Andrea Fanney Jónsdóttir.*









*Hjördís Gestsdóttir, vefnaður á C-önn. Kennarar: Ásthildur Magnúsdóttir og Andrea Fanney Jónsdóttir.*



*Júlía Guðrún Sveinbjörnsdóttir. Þrykk C-önn. Kennarar: Helga Pálína Brynjólfsdóttir og Tanja Huld Leví.*



*Ýr Jóhannsdóttir. Þrykk C-önn. Kennarar: Helga Pálína Brynjólfsdóttir og Tanja Huld Leví.*

samræðum og skrifum og þróuðu aðferðir í samvinnu við kennara og samnemendur til að túlka eigin hugmyndaheim í ólíka miðla textíls. Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í litlum hópum. Nemendur lærðu grunnatriði á prjónavélar og yfirfærðu og þróuðu eigin hugmyndir og munstur í vélprjóni. Í þrykki og vefnaði unnu nemendur með eigin munstur og þróuðu hugmyndir sínar samhliða því að dýpka þekkingu sína og læra nýja tækni. Nemendur lærðu aðferðir og tækni við þæfingu og útsaum og unnu hugmyndavinnu og gerðu tilraunir í efni á persónulegan og fjölbreyttan hátt. Vikulega sóttu nemendur diplómadeildanna námskeið í heimspeki, nánar tiltekið í fyrirbærafræði sem Steinar Örn Atlason kenndi.

Í lok annar unnu nemendur að eigin portfólíógerð og fengu fræðslu, leiðsögn í tölvuvinnu, hugbúnaðarnotkun og textagerð.



*Textíldeild C-önn, nemendur og kennarar í námsferð í Bretlandi vorið 2015.*

**Tölulegar upplýsingar um starfsemi skólans árið 2015**

| VORÖNN 2015 samtals: | nemendur | fjöldi námsk. | kennslust. | kennarar |
|---|---|---|---|---|
| **Fullt nám** | | | | |
| Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár | 16 | 10 | 620 | 15 |
| Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár | 12 | 13 | 474 | 23 |
| Sjónlist 3 - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista | 41 | 10 | 435 | 20 |
| Keramik kjörsvið | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Mótun diplómanám B-hluti | 14 | 4 | 598 | 6 |
| Mótun diplómanám D-hluti | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Teikning diplómanám B-hluti | 16 | 6 | 598 | 7 |
| Teikning diplómanám D-hluti | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Textíll diplómanám B-hluti | 12 | 5 | 598 | 7 |
| Textíll diplómanám D-hluti | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Almenn námskeið** | | | | |
| Almenn námskeið | 265 | 26 | 1320 | 28 |
| Samstarfsverkefni / Almenn námskeið | 19 | 3 | 230 | 3 |
| Endurmenntunar- og sumarnámskeið | 19 | 2 | 84 | 2 |
| **Börn og ungt fólk** | | | | |
| Barna- og unglinganámskeið | 193 | 25 | 850 | 25 |
| Dymbilvikunámskeið | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Leikskóla samstarf | 38 | 1 | 26 | 2 |
| Listbúðir grunnskóla | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samstarfsverkefni barnadeildar | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sumarnámskeið | 167 | 20 | 392 | 22 |
| Listbúðir erlent samstarf | 7 | 1 | 20 | 1 |
| **HAUSTÖNN 2015 samtals:** | **nemendur** | **fjöldi námsk.** | **kennslust.** | **kennarar** |
| **Fullt nám** | | | | |
| Sjónlistadeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár | 19 | 12 | 645 | 19 |
| Sjónlistadeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár | 15 | 12 | 555 | 13 |
| Sjónlistadeild - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista | 35 | 13 | 600 | 23 |
| Keramik kjörsvið | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Mótun diplómanám A-hluti | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Mótun diplómanám C-hluti | 11 | 6 | 598 | 8 |
| Teikning diplómanám A-hluti | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Teikning diplómanám C-hluti | 15 | 5 | 598 | 8 |
| Textíll diplómanám A-hluti | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Textíll diplómanám C-hluti | 15 | 6 | 598 | 8 |
| Myndlist diplómanám | 12 | 2 | 112 | 3 |
| **Almenn námskeið** | | | | |
| Almenn námskeið | 202 | 0 | 1065 | 21 |
| Samstarfsverkefni / Almenn námskeið | 13 | 2 | 156 | 3 |
| Endurmenntun | 32 | 1 | 10 | 2 |
| **Börn og ungt fólk** | | | | |
| Barna- og unglinganámskeið | 198 | 25 | 855 | 25 |
| Leikskóla samstarf | 39 | 3 | 81 | 3 |
| Listbúðir grunnskóla | 184 | 4 | 72 | 12 |
| Samstarfsverkefni barnadeildar | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Erlent samstarf barnadeildar | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals á árinu 2015** | **1609** | **217** | **12190** | **309** |

**Fjöldi nemenda - samanburður milli ára**

| VORANNIR | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fullt nám** | | | | | | | | | | |
| Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár | 16 | 16 | 11 | 25 | | | | | | |
| Sjónlistdeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár | 12 | 12 | 23 | | | | | | | |
| Sjónlist 3 - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista | 41 | 32 | 17 | 29 | 33 | 34 | 28 | 31 | 26 | 22 |
| Keramik kjörsvið | 0 | 0 | | | | | 7 | 8 | 6 | 10 |
| Mótun diplómanám B-hluti | 14 | 0 | 11 | 12 | 14 | 13 | 12 | 11 | | |
| Mótun diplómanám D-hluti | 0 | 12 | 9 | 9 | 9 | 13 | 8 | | | |
| Teikning diplómanám B-hluti | 16 | 0 | 13 | | 14 | | | | | |
| Teikning diplómanám D-hluti | 0 | 13 | | 13 | | | | | | |
| Textíll diplómanám B-hluti | 12 | 0 | 12 | | 12 | | | | | |
| Textíll diplómanám D-hluti | 0 | 14 | | 12 | | | | | | |
| **Almenn námskeið** | | | | | | | | | | |
| Almenn námskeið | 265 | 315 | 156 | 201 | 266 | 269 | 253 | 215 | 191 | 193 |
| Samstarfsverkefni / Almenn námskeið | 19 | 24 | 28 | 40 | 32 | 50 | 26 | 6 | | |
| Endurmenntunar- og sumarnámskeið | 19 | 31 | 95 | 110 | 43 | 34 | 79 | | | |
| **Börn og ungt fólk** | | | | | | | | | | |
| Barna- og unglinganámskeið | 193 | 226 | 202 | 224 | 217 | 189 | 207 | 255 | 194 | 199 |
| Dymbilvikunámskeið | 0 | 0 | 18 | 10 | 10 | 18 | 17 | 17 | 23 | 13 |
| Leikskóla samstarf | 38 | 25 | 28 | 25 | 26 | 54 | 53 | 40 | 42 | |
| Listbúðir grunnskóla | 0 | 0 | | | 115 | 120 | 129 | 131 | 45 | |
| Samstarfsverkefni barnadeildar | 0 | 0 | | 96 | | 95 | 6 | | 10 | |
| Sumarnámskeið | 167 | 215 | 213 | 134 | 155 | 188 | 218 | 144 | 237 | 187 |
| Listbúðir erlent samstarf | 7 | 0 | | | 29 | 8 | 9 | 17 | 5 | |
| **HAUSTANNIR** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** | **2007** | **2006** |
| **Fullt nám** | | | | | | | | | | |
| Sjónlistadeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár | 19 | 20 | 18 | 15 | 33 | | | | | |
| Sjónlistadeild - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár | 15 | 13 | 13 | 24 | | | | | | |
| Sjónlistadeild - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlist | 35 | 42 | 35 | 19 | 34 | 34 | 34 | 29 | 31 | 30 |
| Keramik kjörsvið | 0 | 0 | | 7 | 7 | 8 | 12 | 7 | | 11 |
| Mótun diplómanám A-hluti | 0 | 14 | 4 | 10 | 14 | 11 | 11 | 11 | 11 | |
| Mótun diplómanám C-hluti | 11 | 0 | 13 | 7 | 12 | 12 | 13 | 9 | | |
| Teikning diplómanám A-hluti | 0 | 16 | | 14 | | 14 | | | | |
| Teikning diplómanám C-hluti | 15 | 0 | 14 | | 14 | | | | | |
| Textíll diplómanám A-hluti | 0 | 13 | | 13 | | 12 | | | | |
| Textíll diplómanám C-hluti | 15 | 0 | 14 | | 12 | | | | | |
| Myndlist diplómanám | 12 | | | | | | | | | |
| **Almenn námskeið** | | | | | | | | | | |
| Almenn námskeið | 202 | 228 | 227 | 186 | 184 | 231 | 199 | 207 | 207 | 203 |
| Samstarfsverkefni / Almenn námskeið | 13 | 21 | 25 | 30 | 44 | 29 | 20 | 6 | 19 | |
| Endurmenntun | 32 | 0 | 67 | | 10 | 17 | | | 60 | |
| **Börn og ungt fólk** | | | | | | | | | | |
| Barna- og unglinganámskeið | 198 | 199 | 217 | 191 | 177 | 182 | 166 | 203 | 194 | 153 |
| Leikskóla samstarf | 39 | 0 | 26 | 27 | 30 | 31 | 39 | 97 | 199 | 64 |
| Listbúðir grunnskóla | 184 | 0 | 93 | 125 | | | 115 | 150 | | |
| Samstarfsverkefni barnadeildar | 0 | 0 | | | | | | | 10 | |
| Erlent samstarf barnadeildar | 0 | 13 | | 5 | | | | | | |
| **Fjöldi nemenda milli ára** | **1609** | **1514** | **1602** | **1613** | **1546** | **1666** | **1661** | **1594** | **1510** | **1085** |

# BRAUTSKRÁÐIR NEMENDUR 2015

**SJÓNLISTADEILD**

**Eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista**

**39 nemandur luku námi 28. maí 2015**

Andri Þór Ingvarsson
Anna Andrea Ottósdóttir Winther
Anna Diljá Sigurðardóttir
Ágústa Björnsdóttir
Ásbjörn Erlingsson
Ástbjörn Haraldsson
Berglind Brá Jóhannsdóttir
Berglind Hreiðarsdóttir
Elín Dögg Baldvinsdóttir
Eva Kaljurand
Eva Sigurðardóttir
Guðrún Sigurðardóttir
Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir
Hannar Sindri Grétarsson
Hjördís Ásta Guðmundsdóttir
Hjördís Gréta Guðmundsdóttir
Hjörleifur Guðjónsson
Hlín Ólafsdóttir
Hólmfríður Kristín Karlsdóttir
Jule Claere Wertheimer
Júlíus Ragnar Júlíusson
Jökull Brynjarsson
Kristín Guðmundsdóttir
Margrét Loftsdóttir
Matthildur B Sigrúnardóttir
Ólafur Þorbjörn Benediktsson
Rut Karlsdóttir
Rúnar Kristmannsson
Salka Rósinkranz
Selma Reynisdóttir
Sigríður Þóra Þórólfsdóttir
Sturla Hrafn Sólveigarson
Sunna María Helgadóttir
Úlfur Bragi Einarsson
Vaka Alfreðsdóttir
Valur Hreggviðsson
Vera Rún Viggósdóttir
Þorsteinn Eyfjörð Þórarinsson
Þórunn Kolbeinsdóttir

**SJÓNLISTADEILD**

**Tveggja ára námsbraut til stúdentsprófs**

**10 stúdentar brautskráðir 28. maí 2015**

Benedikt Andrason
Guðjón Daði Grétuson Lulof
Harpa Másdóttir
Illugi Örvar Sólveigarson
Indy Alda Saouda Yansane
Sigurður Ýmir Kristjánsson
Sólbjört Vera Ómarsdóttir
Stefán Hermannsson
Steinn Einar Jónsson
Þórður Jörundsson

**MÓTUN - leir og tengd efni diplómanám**

**- ígildi 120 ECTS eininga**

**8 luku diplómanámi 22. maí 2015**

Anna Guðbjartsdóttir
Fanndís Huld Valdimarsdóttir
Guðbjörg Björnsdóttir
Gunnhildur Helgadóttir
Íris Edda Lappalainen
Steinunn Hrafnan Hilmisdóttir
Þórhildur Ásmundsdóttir
Örk Guðmundsdóttir

**TEIKING diplómanám**

**- ígildi 120 ECTS eininga**

**2 luku diplómanámi 22. maí 2015**

Jens Júlíusson
Sól Hilmarsdóttir

**TEXTÍLL diplómanám**

**- ígildi 120 ECTS eininga**

**2 luku diplómanámi 22. maí 2015**

Guðrún Æsa Ingólfsdóttir
Jóna Berglind Stefánsdóttir

# FÉLAGATAL MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Anna Cynthia Leplar
Anna Sigurðardóttir
Anna Guðjónsdóttir
Anna Hallin
Anna Hrund Másdóttir
Anna Þóra Karlsdóttir
Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
Áslaug Thorlacius
Ásthildur Magnúsdóttir
Baldur Björnsson
Birgir Snæbjörn Birgisson
Bjarki Bragason
Bjarnheiður Jóhannsdóttir
Bjarni Hinriksson
Björg Elín Pálsdóttir
Björk Guðnadóttir
Borghildur Óskarsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Búi Kristjánsson
Daði Guðbjörnsson
Einar Garibaldi Eiríksson
Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Elsa Dóróthea Gísladóttir
Erla Stefánsdóttir
Eygló Harðardóttir
Finnur Arnar Arnarson
Gerður Leifsdóttir
Guðbjörg Káradóttir
Guðjón B. Ketilsson
Guðný M. Magnúsdóttir
Guðný Rúnarsdóttir
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Hannesdóttir
Guðrún Vera Hjartardóttir
Guja Dögg Hauksdóttir
Hafdís Helgadóttir
Halldór Baldursson
Halldóra Ingimarsdóttir
Hallsteinn Sigurðsson
Haraldur Jónsson
Helgi Gíslason
Herdís Ellen Gunnarsdóttir
Herdís Tómasdóttir
Hildigunnur Birgisdóttir
Hildur Bjarnadóttir
Hildur Ýr Jónsdóttir
Hlíf Ásgrímsdóttir
Hrafnkell Birgisson
Hrönn Magnúsdóttir
Inga Þórey Jóhannsdóttir
Ingibjörg Böðvarsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingólfur Arnarsson
Ína Salóme Hallgrímsdóttir
Jóhann Torfason
Jón Axel Björnsson
Jón Bergmann Kjartansson Ransú
Kari Ósk Grétudóttir
Karl Jóhann Jónsson
Karlotta Blöndal
Katrín Briem
Kolbeinn Hugi Höskuldsson
Kolbrún S. Kjarval
Kristinn Guðbrandur Harðarson
Kristinn Helgason
Kristín Gunnlaugsdóttir
Kristín Ragna Gunnarsdóttir
Kristín Hauksdóttir
Kristín Ísleifsdóttir
Kristín Reynisdóttir
Kristrún Thors
Kristján Steingrímur Jónsson
Lísa Guðjónsdóttir
Louise Harris
Magnea Einarsdóttir
Margrét H. Blöndal
Margrét Friðbergsdóttir
Margrét Norðdahl
Margrét Zophoníasdóttir
Ólöf Erla Bjarnadóttir
Ólöf Nordal
Ósk Vilhjálmsdóttir
Páll Thayer
Ragnheiður Gestsdóttir
Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur
Ragnhildur Stefánsdóttir
Shauna Laurel Jones
Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Sigríður Helga Hauksdóttir
Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Sigríður Björg Sigurðardóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigrún Ólöf Einarsdóttir
Sigtryggur Bjarni Baldvinsson
Sigurður Guðmundsson
Sigurður Þórir
Sigurjón Gunnarsson
Sigurlaug Lövdahl
Sigurlína Margrét Osuala
Sólveig Aðalsteinsdóttir
Svanborg Matthíasdóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Unnar Örn Jónasson
Valgerður Bergsdóttir
Vigfús Birgisson
Vilhjálmur Þorsteinsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Þorri Hringsson
Þóra Sigurðardóttir
Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir
Þórunn María Jónsdóttir

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK